

AUGLÝSING

um setningu úthlutunarreglna Menntasjóðs námsmanna fyrir skólaárið 2024-2025.

Með vísan til 36. gr. laga um Menntasjóð námsmanna, nr. 60/2020, hefur háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra hinn 26. mars 2024 sett úthlutunarreglur Menntasjóðs námsmanna fyrir námsárið 2024-2025 samkvæmt fylgiskjali með auglýsingu þessari. Reglurnar eru settar að fengnum tillögum stjórnar Menntasjóðs námsmanna sem samþykktar voru á stjórnarfundinum 28. febrúar 2024.

Frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing um úthlutunarreglur námsmanna fyrir skólaárið 2023-2024, nr. 333/2023.

Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu, 26. mars 2024.

F. h. r.
Sigríður Valgeirsdóttir.

Jón Vilberg Guðjónsson.

Fylgiskjal.

1. KAFLI

Almennt.

1.1 Almennt.

Bæði námsmenn og greiðendur bera ábyrgð á því sjóðurinn hafi réttar samskiptaupplýsingar um viðkomandi s.s. netfang, heimilisfang og símanúmer.

Námsmanni ber að tilkynna allar breytingar á högum sínum er haft geta áhrif á veitingu námsaðstoðar, svo sem breyttar fjölskylduáðstæður, breytingar á fjárhag, heimilisfangi, netfangi, farsímanúmeri og námsáætlun. Meðal annars ber að tilkynna sjóðnum þegar námsmaður stofnar til hjúskapar eða skráðrar sambúðar. Námsmanni ber auk þess að senda sjóðnum öll þau gögn sem hann kann að verða beðinn um vegna umsóknar um námslán eða frest á því að skuldabréf sé fært til innheimtu.

Að námi loknu fara öll samskipti sjóðsins við lántaka í gegnum netfang hans nema annars sé óskað af hans hálfu. **Lántaki ber ábyrgð á því að sjóðurinn hafi réttar upplýsingar um netfang hans eftir að námi lýkur.**

1.2 Fylgiskjöl og skilafrestir.

Fylgiskjölum sem viðskiptavinur sjóðsins ber að skila vegna umsókna, hvort sem um er að ræða umsókn vegna láns, undanþágu, frestunar eða annars, eiga að berast sjóðnum eigi síðar en einum mánuði eftir að sá umsóknarfrestur, sem við á hverju sinni, rennur út. Að öðrum kosti er heimilt að líta svo á að viðskiptavinur sé fallinn frá umsókn og er sjóðnum þá heimilt að fella umsóknina úr gildi. Í ákveðnum tilvikum, s.s. þegar sótt er um frestun á endurgreiðslum, getur fresturinn til að skila gögnum verið styttri.

1.3 Umsóknir um námslán.

1.3.1 Rafrænar umsóknir.

Almennt er sótt um námslán rafrænt í gegnum „Mitt lán“ sem aðgengilegt er á heimasíðu sjóðsins [www.menntasjodur.is](#) eða í gegnum [island.is](#).

1.3.2 Umsóknir og gildistími.

Sækja skal sérstaklega um námslán fyrir hverja önn og hvert aðstoðarar. Umsóknarfrestir eru eftirfarandi:

Haust	2024	til og með	15. október	2024
Vetur og vor	2025	til og með	15. janúar	2025
Sumar	2025	til og með	15. júní	2025

1.3.3 Lánsáætlun.

Á grundvelli upplýsinga umsækjanda, m.a. um einingafjölda, tekjur og fjölskylduhagi, fær hann lánsáætlun frá sjóðnum. Eftir yfirferð lánsáætlunar ber umsækjanda að láta sjóðinn vita ef þær upplýsingar sem lagðar eru til grundvallar reynast rangar með því að senda tölvupóst á netfang sjóðsins menntasjodur@menntasjodur.is eða breyta umsókn inn á sínu heimasvæði (Mitt lán). Að sama skapi ber umsækjanda að láta sjóðinn vita um fyrirhugaðar breytingar á einingafjölda sem og öðrum högum sínum svo hægt sé að uppfæra lánsáætlun til samræmis við það. **Er þetta sérstaklega mikilvægt hjá námsmönnum með samtímagreiðslur þar sem fjárhæð námslána miðar við umsóttar einingar.**

Komi í ljós að lánsáætlun byggir á röngum upplýsingum, mistökum eða á röngum forsendum miðað við gildandi úthlutunarreglur þess námsárs sem sótt er um lán fyrir, breytist lánsáætlun til samræmis við þær reglur.

1.3.4 Umboðsmaður.

Ef viðskiptavinur sjóðsins telur þörf á, getur hann óskað eftir því að hafa umboðsmann fyrir sína hönd. Umboðsmaður hefur umboð til að annast mál lántaka fyrir hans hönd og heimild til að fá afhentar upplýsingar um lántaka.

Viðskiptavinur ber ábyrgð á að sjóðurinn hafi rétt heimilisfang, netfang og símanúmer umboðsmanns.

Námsmenn sem ekki eru með rafræn skilríki geta verið með umboðsmann fyrir sína hönd til að skrifa undir rafræn skuldabréf.

1.3.5 Greiðsla félagsgjalda.

MSNM innheimtir gjald vegna félagsaðildar að Sambandi íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE), óski námsmaður þess. Félagsgjaldið er dregið af námsláni.

1.4 Lánshæfi námsmanna.

Skilyrði til aðstoðar frá sjóðnum er að umsækjandi verði fjárráða á þeirri önn sem sótt er um námslán fyrir.

Það nám sem lánþegi stundar þarf að vera lánshæft, sbr. 2. kafla og lánþegi þarf að uppfylla lágmarkskröfur um námsframvindu, sbr. 3. kafla.

Námsmaður getur ekki fengið lán frá sjóðnum ef hann þiggur á sama tíma námslán eða sambærilega aðstoð frá öðru ríki vegna lánshæfs náms.

Námsmaður sem þiggur námsstyrk samkvæmt lögum um námsstyrki nr. 79/2003 á ekki rétt á námsláni á þeirri önn sem hann fær styrkinn.

Til þess að námsmaður teljist lánshæfur hjá sjóðnum má hann ekki vera í vanskilum við sjóðinn þegar sótt er um lán.

Ef námsmaður hefur vísitandi veitt sjóðnum rangar eða villandi upplýsingar fellur öll námsaðstoð við hann niður og aðstoð sem hann kann að hafa fengið vegna slíkra upplýsinga ber námsmanni að endurgreiða með verðbótum frá útborgunardegi. Þetta á m.a. við ef sannað þykir að námsmaður hafi gefið upp rangar tekjur samkvæmt skilgreiningu sjóðsins um tekjur þegar viðkomandi skattaári er lokið.

1.5 Réttur til aðstoðar vegna náms á Íslandi.

Námsmaður sem sækir um námslán til þess að stunda nám á Íslandi þarf auk skilyrða sem koma fram í grein 1.4 að uppfylla eitt af þeim skilyrðum sem koma fram í greinum 1.5.1 – 1.5.6. Sjóðurinn áskilur sér rétt til að gera kröfu um að umsækjandi skili viðurkenndum staðfestingum um þá stöðu sem hann grundvallar umsókn sína um námslán á.

Með aðstandanda námsmanns er í kafla þessum átt við maka, niðja og/eða niðja maka ef niðjinn er yngri en 21 árs og á framfæri námsmanns og ættmenni hans eða maka hans, í beinan legg, sem er á framfæri hans.

1.5.1 Réttindi íslenskra og norræna námsmanna.

Ríkisborgarar Íslands og Norðurlandanna eiga rétt til þess að fá námsaðstoð til þess að stunda nám á Íslandi.

1.5.2 Réttindi ríkisborgara EES- og EFTA-ríkja sem eru launþegar/sjálfstætt starfandi og aðstandanda þeirra.

Ríkisborgari EES- eða EFTA-ríkis sem er launþegi eða sjálfstæður atvinnurekandi á Íslandi, eða heldur stöðu sinni sem slíkur, ásamt aðstandanda hans, á rétt á því að fá námsaðstoð til þess að stunda nám á Íslandi. Að jafnaði er miðað við að vinnuframlag ríkisborgarans sé ekki undir 40 klukkustundum á mánuði á meðan námi hans eða aðstandanda hans stendur. Í upphafi og lok hverrar annar skal hann senda inn staðfestingu frá atvinnurekanda þar sem fram kemur að viðkomandi sé í starfi og að vinnuframlag hans sé að lágmarki 40 klst. á mánuði.

EES- eða EFTA-ríkisborgari sem hættir að vera launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur heldur stöðu sinni sem slíkur við eftirfarandi aðstæður:

- a. á meðan hann er tímabundið óvinnufær vegna veikinda eða slyss,
- b. hann staðfestir að hann sé atvinnulaus án eigin atbeina eftir að hafa unnið við launað starf í meira en eitt ár og er jafnframt í virkri atvinnuleit,
- c. hann staðfestir að hann sé atvinnulaus án eigin atbeina eftir að lokið er ráðningarsamningi sem er til skemmri tíma en eins árs eða hann hefur án eigin atbeina misst atvinnu á því tímabili og er jafnframt í virkri atvinnuleit. Í því tilviki skal hann halda stöðu sinni sem launþegi í a.m.k. sex mánuði,
- d. hefji hann starfsnám,
- e. sé ekki um að ræða atvinnuleysi fyrir eigin atbeina skal hann einungis halda stöðu sinni sem launþegi ef starfsnámið tengist fyrra starfi hans.

1.5.3 Réttindi ríkisborgara EES- og EFTA-ríkja sem hafa öðlast rétt til ótímabundinnar dvalar hérlendis og aðstandanda þeirra.

Ríkisborgari EES- eða EFTA-ríkis sem öðlast rétt til ótímabundinnar dvalar hérlendis, sbr. 87. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016 og aðstandendur hans eiga rétt til námsaðstoðar til þess að stunda nám á Íslandi.

1.5.4 Réttindi annarra erlendra ríkisborgara.

Erlendur ríkisborgari sem er í hjúskap eða hefur um tveggja ára skeið verið í skráðri sambúð með íslenskum ríkisborgara og hefur átt lögheimili á Íslandi að lágmarki tvö ár af síðastliðnum fimm árum áður en nám hefst á rétt til námsaðstoðar til að stunda nám á Íslandi.

1.5.5 Réttindi flóttamanna.

Erlendur ríkisborgari sem hefur fengið dvalarleyfi hér á landi sem flóttamaður á grundvelli alþjóðlegrar verndar á rétt til námsaðstoðar til að stunda nám á Íslandi. Við umsókn þarf flóttamaður að skila staðfestingu frá Útlendingastofnun um stöðu sína.

1.5.6 Réttindi erlendra ríkisborgara með ótímabundið dvalarleyfi á Íslandi.

Erlendur ríkisborgari sem hefur ótímabundið dvalarleyfi á Íslandi, sbr. 58. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016, á rétt til námsaðstoðar til að stunda nám á Íslandi.

1.6 Réttur til aðstoðar vegna náms erlendis.

1.6.1 Almenn.

Námsmaður sem sækir um lán til þess að stunda nám erlendis þarf að uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

1. almenn skilyrði samkvæmt grein 1.4,
2. eitt af þeim skilyrðum sem koma fram í greinum 1.5.1–1.5.6 og
3. hafa búið á Íslandi í að lágmarki tvö ár af síðastliðnum fimm árum áður en nám hefst og hafa sterk tengsl við íslenskt samfélag að mati Menntasjóðs námsmanna.

Ríkisborgari EES- eða EFTA-ríkis og aðstandandi hans er undanþeginn skilyrði um búsetu á Íslandi í tvö ár af síðustu fimm vegna náms innan EES- eða EFTA-ríkis.

2. KAFLI Lánshæft nám.

2.1 Almenn.

Sjóðurinn veitir námslán til framhaldsnáms við viðurkennda skóla eða menntastofnanir sem veita æðri menntun er leiðir til prófgráðu á háskólastigi. Sjóðnum er heimilt að veita námslán til starfs- og aðfaranáms.

Nám telst lánshæft ef það er skipulagt sem fullt nám í ákveðinni námsgrein í kennsluskrá skóla, 60 ECTS-einingar (ECTS stendur fyrir „European Credit Transfer and Accumulation System“) eða ígildi þeirra á hverju skólaári eða a.m.k. 30 ECTS-einingar á misseri í þeim tilvikum þegar námsskipulagið nær ekki yfir heilt skólaár. Skólaár er almennt 9 mánuðir og hefst að hausti og lýkur að vori. Með skólaári er í reglum þessum átt við skólaárið 2024-2025. Skráning nemandi hjá skóla ræður því hvort námsmaður telst í lánshæfu námi eða ekki.

Heimilt er að veita námslán eingöngu vegna skólagjalda, til náms sem ekki er skipulagt sem 60 ECTS-eininga nám á skólaárinu, sbr. 2. mgr. Námið verður þó að vera skipulagt sem a.m.k. 45 ECTS-eininga nám á hverju námsári. Námsár er almennt 12 mánuðir og hefst að hausti og lýkur að sumri. Ef námsmaður stundar nám á sumarmisseri tilheyrir það misseri undangengnu námsári. Með námsári er í reglum þessum átt við námsárið 2024-2025.

Lán er ekki veitt til náms sem er liður í launuðu starfi samkvæmt ráðningarsamningi.

Lán er ekki veitt til undirbúningsnáms né heldur til náms sem er framhald af doktorsprófi eða sambærilegu prófi.

Nám á framhaldsskólastigi sem leiðir til stúdentsprófs er ekki lánshæft hjá sjóðnum.

Hafi námsmaður fullnýtt svigrúm sitt til lána á ákveðinni námsbraut eða ákveðnu skólastigi, sbr. grein 3.1, telst frekara nám á viðkomandi námsbraut/skólastigi ekki lánshæft.

2.2 Lánshæft nám á Íslandi.

2.2.1 Háskólanám.

Námslán eru veitt til náms sem lýkur með prófgráðu á háskólastigi við viðurkennda háskóla á Íslandi. Nám á háskólastigi í eftirtöldum skólum er lánshæft:

Háskóla Íslands,
Háskólanum á Akureyri,
Háskólanum á Bifröst,
Háskólanum á Hólum,
Háskólanum í Reykjavík,
Landbúnaðarháskóla Íslands,
Listaháskóla Íslands.

2.2.2 Aðfaranám á Íslandi.

Aðfaranám fyrir háskólanám sem nemur allt að 60 stöðluðum framhaldsskólaeiningum, sem er skipulagt af viðurkenndum háskóla og samþykkt af ráðherra, er lánshæft. Ekki skiptir máli hvort námið fari fram innan háskóla eða innan viðurkennds skóla á framhaldsskólastigi á grundvelli samnings við viðurkenndan háskóla.

Með aðfaranámi er átt við nám sem ásamt starfsreynslu námsmanns myndar brú til náms við þann háskóla sem skipuleggur námið.

2.2.3 Iðnnám, starfsnám og viðbótarnám við framhaldsskóla á Íslandi.

Iðnnám og starfsnám á framhaldsskólastigi og viðbótarnám við starfsnám í framhaldsskóla er lánshæft. Skilyrði fyrir því er að námið hafi hlotið staðfestingu ráðherra samkvæmt lögum nr. 92/2008 um framhaldsskóla auk þess að uppfylla þarf eftirfarandi skilyrði:

1. Námið hafi fengið samþykki frá viðkomandi starfsgreinaráði, ef við á,
2. námslok séu a.m.k. á þriðja hæfnisþrepi og
3. sambærilegt nám sé almennt ekki í boði á háskólastigi hér á landi.

2.3 Lánshæft nám erlendis.

2.3.1 Háskólanám.

Lán er veitt til náms á háskólastigi við háskóla erlendis enda séu þeir viðurkenndir af menntamála-
yfirkvöldum landsins og námi ljúki með viðurkenndri prófgráðu á háskólastigi.

2.3.2 Aðfaranám erlendis.

Aðfaranám fyrir háskólanám erlendis sem nemur allt að ígildi 60 staðlaðra framhaldsskólaeininga
er lánshæft að þeim skilyrðum uppfylltum að námið sé viðurkennt af viðurkenndum háskóla og
þeir skólar sem bjóða upp á námið séu viðurkenndir af menntamálayfirkvöldum landsins.

2.3.3 Starfsnám og viðbótarnám við framhaldsskóla erlendis.

Heimilt er að veita lán til starfsnáms erlendis sem er sambærilegt starfsnámi eða viðbótarnámi
starfsnáms í framhaldsskóla á Íslandi. Lánshæfi er háð því að um sé að ræða viðurkennt nám og skóla
sem er viðurkenndur af menntamálayfirkvöldum landsins. Námið þarf einnig að uppfylla sömu skilyrði
og lánshæft starfsnám á Íslandi eins og við á, sbr. grein 2.2.3, s.s. að námslok séu a.m.k. á sambærilegu
hæfnisþrepi og þriðja hæfnisþrep á Íslandi og að sambærilegt nám sé almennt ekki í boði á háskólastigi
hér á landi.

2.3.4 Tungumálanám sem undirbúningsnám.

Heimilt er að veita lán til tungumálanáms ef það er nauðsynlegur undirbúningur undir lánshæft nám
í landi þar sem annað tungumál en enska og Norðurlandamál (annað en finnska) er talað. Einungis er
veitt einu sinni lán til undirbúningsnáms í tungumálum. Hámarkseiningafjöldi sem veitt er lán til
samkvæmt þessari grein fer eftir viðkomandi tungumáli og er á bilinu 30-90 ECTS-einingar.

Ef lánþegi skiptir um námsland að loknu tungumálanámi er honum synjað um aðstoð (námslán til
framfærslu-, ferða- og skólagjaldalána og barnastyrks) jafn lengi og hann naut aðstoðar í því námi. Fáir
námsmaður tungumálanámið metið til styttingar á nýju námi styttr það tímann þar til námsmaður á
rétt til aðstoðar að nýju.

Lánshæfi undirbúningsnáms í tungumálum er háð því að um sé að ræða skipulagt nám sem talist
getur nægjanlega veigamikilið að því er varðar eðli og uppbyggingu að mati sjóðsins (a.m.k. 15 kennslu-
stundir á viku).

Áður en lán vegna undirbúningsnáms í tungumálum er afgreitt þarf að liggja fyrir staðfesting á
inngöngu í lánshæft nám á sama tungumálasvæði.

2.4 Upplýsingar um lánshæft nám.

Á heimasíðu Menntasjóðs námsmanna liggja fyrir leiðbeinandi upplýsingar um skóla og náms-
brautir sem lánað hefur verið til. Ef sótt er um lán í skóla eða námsbraut sem sjóðurinn hefur ekki
lánað til þarf stjórn sjóðsins að meta lánshæfi námsins. Námsmaður þarf þá að útvega ítarlegar
upplýsingar um skólann og námsbrautina og skila til sjóðsins. Mikilvægt er að gögn berist tímanlega
fyrir upphaf náms þar sem mat á lánshæfi náms getur tekið allt að þrjú mánuði.

Menntasjóði námsmanna er á hverjum tíma heimilt að endurskoða hvort skólar og námsbrautir séu
lánshæfar hjá sjóðnum. Sjóðnum er jafnframt heimilt að óska eftir nýjum gögnum sem staðfesta að
skóli eða námsbraut uppfylli kröfur sjóðsins um lánshæft nám, hvort sem um er að ræða innlenda eða
erlenda skóla. Þó að skóli eða námsbraut hafi áður verið metin lánshæf telst það ekki loforð eða
trygging fyrir því að svo verði áfram.

3. KAFLI Námsframvinda.

3.1 Almenn.

Almennt telst námsmaður í fullu námi ljúki hann 60 ECTS-einingum eða ígildi þeirra á skólaári í
einum námsferli. Nýr námsferill hefst skipti námsmaður um skóla, námsgrein eða námsgráðu.

Í misseraskólum (með skipulaginu haustmisseri, vormisseri og eftir atvikum sumarönn) er að
hámarki veitt lán fyrir 30 ECTS-einingum á hvoru misseri og 20 ECTS-einingum á sumarönn, samtals
að hámarki 80 ECTS-einingar fyrir námsárið. Jafngildir það 12 mánaða framfærslu. Lágmarksárangur
til að eiga rétt á láni á einstökum önnum er 22 ECTS-einingar á haust- eða vormisseri en 15 ECTS-

einingar á sumarönn. Nám á sumarönn tilheyrir undangengnu skólaári. Sækja þarf sérstaklega um lán á sumarönn.

Í fjórðungaskólum (með skipulaginu haustönn, vetrarönn, vorönn og eftir atvikum sumarönn) er að hámarki veitt lán fyrir 20 ECTS-einingum á hverri önn, samtals 80 ECTS-einingar fyrir námsárið. Jafngildir það 12 mánaða framfærslu. Lágmarksárangur til að eiga rétt á láni er 15 ECTS-einingar á hverri önn.

Hámarksfjöldi eininga sem lánað er fyrir á einstökum námsbrautum tekur mið af fjölda eininga námsins samkvæmt skipulagi skóla samþykktu af stjórn sjóðsins. Einungis er tekið tillit til námskeiða sem nýtast til lokaprófs en metnar einingar úr fyrra námi teljast ekki til námsframvindu.

3.2 Lánshæfar einingar.

Til að eiga rétt á námsláni þarf námsmaður að vera skráður í að lágmarki 22 ECTS-einingar til loka hvers misseris og ljúka að lágmarki 22 ECTS-einingum eða ígildi þeirra á hverju misseri eða 15 ECTS-einingum í fjórðungaskólum í einum námsferli. Einungis er heimilt að veita lán til náms í tveimur eða fleiri námsferlum á sömu önn ef námsmaður er að ljúka grunnháskólanámi og hefur fengið leyfi skóla til að hefja meistaranám í sama fagi. Sama gildir þegar námsmanni er gert af skóla að bæta við sig námskeiðum í lánshæfu grunnháskólanámi samhliða meistaranámi. Þessi heimild er háð því að námsmaður hafi ekki áður fullnýtt svigrúm sitt til námslána samkvæmt grein 3.3.

Ljúki námsmaður 22–30 ECTS-einingum á misseri á hann rétt á láni í samræmi við loknar einingar að öðrum skilyrðum uppfylltum. Heimilt er að skoða sérstaklega ef skipulag náms kveður á um færri einingar en ofangreint lágmark á hverju misseri að því gefnu að námið sé í heild sinni skipulagt að lágmarki sem 60 ECTS-einingar eða ígildi þeirra á skólaári.

Einungis er lánað einu sinni fyrir hverja lokna einingu nema í námi þar sem fjöldatakmörkanir eru, sbr. grein 3.4.1.

Ef lánsréttur námsmanns á tilteknu námsstigi er undir lágmarks námsframvindukröfum er heimilt að veita námsmanni lán sem nemur eftirstöðvum einingaréttar hans svo framarlega sem hann ljúki í einum námsferli að lágmarki 22 ECTS-einingum á misseri eða 15 ECTS-einingum á önn í fjórðungaskólum.

3.3 Lánsréttur.

Hver námsmaður getur fengið námsaðstoð fyrir allt að 480 ECTS-einingum samanlagt með þeim takmörkunum sem leiðir af skiptingu lánsréttar milli námsstiga. Í greinum 3.3.1 – 3.3.4 er gerð nánari grein fyrir skiptingu lánsréttar milli námsstiga. Öll námsaðstoð sem veitt er af Menntasjóði námsmanna er dregin af einingarétti námsmanns.

3.3.1 Grunnám og meistaranám.

Námsmaður á rétt á láni fyrir 300 ECTS-einingum í grunn- eða meistaranámi. Með grunnnámi er átt við aðfaranám, starfsnám, viðbótarnám og grunnháskólanám, sbr. greinar 2.2.1 – 2.2.3.

3.3.2 Doktorsnám.

Námsmaður á rétt á láni fyrir 60 ECTS-einingum í doktorsnámi.

3.3.3 Sameiginlegt svigrúm.

Að auki á hver námsmaður rétt á láni fyrir 120 ECTS-einingum til viðbótar að eigin vali á grunn-, meistara- eða doktorsstigi.

3.3.4 Gildissvið eldri reglna.

Námsmaður skal njóta réttar hvað varðar námslengd samkvæmt kafla 3.3 og samkvæmt þeim reglum sem í gildi voru við upphaf námsferils hans. Upphaf námsferils telst þegar námsmaður skilar lágmarksnámsárangri í námsferli og er með umsókn hjá sjóðnum á sama námsári. Þeir námsmenn sem eru í námi við gildistöku laga um Menntasjóð námsmanna nr. 60/2020 eiga rétt á að taka lán samkvæmt eldri lögum í sjö ár eftir gildistöku laga um Menntasjóð námsmanna nr. 60/2020. Heimild þessi fellur niður ef námsmaður tekur lengra hlé en eitt ár frá námi.

3.4 Undanþágur frá kröfum um námsframvindu.

Þeir námsmenn sem ekki uppfylla skilyrði sjóðsins um lágmarks námsframvindu á misseri eða önn í fjórðungaskólum, sbr. grein 3.2, geta sótt um undanþágu vegna aðstæðna sem tilgreindar eru í

greinum 3.4.1 – 3.4.7. Sótt er um slíka undanþágu í gegnum netfang sjóðsins, menntasjodur@menntasjodur.is. Þegar undanþágur eru samþykktar á grundvelli greina 3.4.1 – 3.4.6 miðast lánsréttur við lágmarkseiningafjölda, þ.e. 22 ECTS-einingar á misseri í misseraskólum eða 15 ECTS-einingar á önn í fjórðungaskólum. Þær einingar sem nemandi fær vegna aukins svigrúms í námi dragast frá einingarétti námsmanns ásamt loknum einingum námsmanns, sbr. grein 3.3.

Þar sem kveðið er á um afhendingu læknisvottorðs í þessum kafla áskilur sjóðurinn sér rétt til að óska eftir því að trúnaðarlæknir sjóðsins á hverjum tíma afli upplýsinga hjá viðkomandi lækni um innsent vottorð og gefi umsögn um efni þess. Verði slíkar upplýsingar ekki veittar getur sjóðurinn litið svo á að fullnægjandi umsókn um aukið svigrúm í námi hafi ekki verið skilað.

3.4.1 Almennt.

Að loknu skólaári (haust- eða vormisseri í misseraskólum og haust-, vetrar- eða vorönn í fjórðungaskólum) er heildarnámsárangur skólaársins metinn. Í þeim tilfellum þar sem námsmaður lýkur ekki lágmarksnámsárangri á hverju misseri eða önn er heimilt að taka tillit til heildarnámsárangurs og veita lán á einstökum misserum/önnum í samræmi við einingaskil ef öllum eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

1. Námsmaður hefur sótt um lán fyrir öllum misserum eða önnum skólaársins.
2. Samanlagður námsárangur skólaársins er að lágmarki 44 ECTS-einingar í misseraskólum eða 45 ECTS-einingar í fjórðungaskólum.
3. Námsmaður hafi verið skráður í að minnsta kosti 22 ECTS-eininga nám á hverju misseri í misseraskólum eða 15 ECTS-einingum á hverri önn í fjórðungaskólum til loka annar.

Aldrei er veitt meira lán en sem nemur 30 ECTS-einingum á einu misseri eða 20 ECTS-einingum á önn í fjórðungaskólum.

Nýr námsferill hefst skipti námsmaður um skóla, námsgrein eða námsgráðu.

Námsmaður sem lýkur fleiri en 30 ECTS-einingum á misseri á rétt á að nýta umframeiningarnar á öðru misseri sama námsárs eða flytja umframeiningarnar á síðari námsár í sama námsferli svo framarlega sem lágmarksárangri sé náð á því misseri, sbr. grein 3.2.

Missi námsmaður rétt til eininga sem hann hafði áður áunnið sér og fengið lán til að ljúka telst hann skulda þann einingafjölda sem hann missti rétt til og skal skuld hans þá dregin frá þeim einingum sem hann lýkur áður en lánsréttur hans er metinn. Einingaskuld sem er orðin meira en tíu ára gömul skal þó ekki meðtalin en dregst frá heildareiningarétti námsmanns.

Í námi þar sem reglur eru um fjöldatakmörkanir er heimilt að veita námsmanni, sem skilað hefur fullnægjandi árangri á fyrsta misseri en ekki komist áfram í náminu vegna reglna um fjöldatakmörkanir, lán til þess að endurtaka misserið einu sinni.

Ef námsmaður hefur fengið lán í skiptinámi erlendis (t.d. Erasmus eða Nordplus) og einingarnar í skiptináminu nýtast ekki að fullu til lokaprófs er heimilt á lokaönn námsins að veita undanþágu frá grein 3.1 og samþykkja lán fyrir viðbótareiningum umfram hámarkseiningafjölda námsins samkvæmt skipulagi skóla. Þessi undanþága heimilar að veitt sé lán fyrir 22 ECTS-einingum í misseraskóla og 15 ECTS-einingum á einni önn í fjórðungaskóla, ljúki námsmaður að lágmarki þeim einingafjölda.

3.4.2 Mat á ástundun.

Heimilt er að veita lán að fengnu ástundunarvottorði ef námsmaður tekur einungis próf einu sinni á ári eða í lok skólaárs. Lán er þá veitt í samræmi við árangur um námsframvindu sem metin er í vottorðinu. Heimilt er að veita lán út á 30 ECTS-einingar ef skýrt kemur fram í vottorði að viðkomandi hafi stundað fullt nám. Þegar niðurstaða námsársins liggur fyrir er námsframvindan endurmetin. Komi þá í ljós að námsframvinda er ekki fullnægjandi á námsárinu er veitt námsaðstoð endurkrafin sem því nemur.

3.4.3 Veikindi.

Heimilt er við mat á námsframvindu að taka tillit til þess ef námsmaður veikist á námstíma. Er þá heimilt að bæta allt að 6 ECTS-einingum í misseraskólum og 4 ECTS-einingum í fjórðungaskólum við loknar einingar þannig að lánsréttur miðist við lágmarkseiningafjölda, sbr. grein 3.4. Veikist námsmaður á seinni hluta annar eða í prófum er heimilt að bæta við allt að 22 ECTS-einingum í misseraskólum og 15 ECTS-einingum í fjórðungaskólum þannig að lánsréttur miðist við lágmarks-einingafjölda, sbr. grein 3.4.

Í þeim tilfellum þar sem námsmaður verður að hverfa frá námi vegna veikinda er heimilt að veita hlutfallslegt lán fyrir þann tíma sem námsmaður stundaði nám og staðfestur er af skólayfirvöldum, að hámarki 22 ECTS-einingar í misseraskólum og 15 ECTS-einingum í fjórðungaskólum. Í þeim tilfellum þar sem námsmaður hefur greitt skólagjöld fyrir tímabilið og fær þau ekki endurgreidd frá skóla (staðfest af umræddum skóla) verður hann ekki endurkrafinn um skólagjaldalánið eins og um ofgreidd lán hefði verið að ræða, sbr. grein 8.2. Hámarkssvigrúm eykst **ekki** að jafnaði vegna þessa.

Undanþága þessi getur einnig átt við ef alvarleg veikindi maka, barns eða foreldra námsmanns hafa kallað á innlög á sjúkrahús eða sambærilega umönnun og þau raskað verulega högum námsmannsins.

Skilyrði fyrir veitingu undanþágu vegna veikinda námsmanns er að námsmaður framvísi læknisvottorði þar sem greinilega komi fram á hvaða tíma vitjað var læknis og á hvaða tímabili námsmaður var óvinnufær vegna veikinda að mati læknis. Skilyrði fyrir veitingu undanþágu vegna veikinda maka, barns eða foreldra er að læknisvottorði sé framvísað þar sem greinilega komi fram hvenær læknis var vitjað, að um veruleg veikindi hafi verið að ræða og hvenær umönnunar var þörf. Með sambærilegum hætti er heimilt að taka tillit til andláts nánustu aðstandenda við mat á námsframvindu. Til nánustu aðstandenda samkvæmt þessari reglu skulu t.a.m. teljast maki, börn og foreldrar námsmanns, systkini námsmanns og börn þeirra.

Námsmaður sem hefur fengið undanþágu vegna veikinda en skilað minna en 15 ECTS-einingum í misseraskólum og 10 ECTS-einingum í fjórðungaskólum á ekki rétt á að tekið sé tillit til veikinda að nýju fyrr en hann hefur skilað námsárangri sem hann vantaði til að ljúka framangreindum 15 ECTS-einingum í misseraskólum og 10 ECTS-einingum í fjórðungaskólum.

3.4.4 Barneignir.

Almennt skilyrði fyrir því að námsmaður eigi rétt á auknu svigrúmi samkvæmt þessari grein er að hann hafi skilað fullnægjandi námsárangri í lánshæfu námi á einu misseri síðustu 12 mánuði áður en hann þarf á svigrúminu að halda eða hann skili fullnægjandi árangri á næsta misseri á eftir.

Eignist námsmaður barn á námstíma er heimilt að bæta allt að 22 ECTS-einingum í misseraskólum og 15 ECTS-einingum í fjórðungaskólum við loknar einingar þegar lán til hans er reiknað og miðast þá lánsréttur hans við lágmarkseiningafjölda, sbr. grein 3.4. Skilyrði þessarar undanþágu er að námsmaður fari með forsjá barns og barnið eigi lögheimili hjá honum eða búi sannanlega hjá honum á námstíma.

Móðir getur þó átt rétt á auknu svigrúmi allt að 3 mánuðum fyrir fæðingu barns vegna veikinda á meðgöngu. Fæðingarvottorð/læknisvottorð þarf að liggja fyrir í slíku tilviki. Námsmanni er heimilt að nýta þetta svigrúm fram að 12 mánaða aldri barns.

3.4.5 Örorka.

Geti námsmaður vegna örorku sinnar ekki skilað lágmarksnámsárangri, sbr. grein 3.2, er heimilt að bæta allt að 13 ECTS-einingum í misseraskólum og 8 ECTS-einingum í fjórðungaskólum við loknar einingar og miðast þá lánsréttur hans við lágmarkseiningafjölda, sbr. grein 3.4.

Skilyrði fyrir undanþágu samkvæmt þessari grein er að fyrir liggja mat læknis á að læknisfræðileg örorka viðkomandi sé a.m.k. 50%. Sækja þarf sérstaklega um fyrrnefnda undanþágu til sjóðsins. Með umsókn þarf að fylgja læknisvottorð.

3.4.6 Lesblinda og aðrir sértækir námsörðugleikar.

Geti námsmaður vegna lesblindu eða annarra sértækra námsörðugleika ekki skilað lágmarksnámsárangri, sbr. grein 3.2 er heimilt að bæta allt að 13 ECTS-einingum í misseraskólum og 8 ECTS-einingum í fjórðungaskólum við loknar einingar og miðast þá lánsréttur hans við lágmarkseiningafjölda, sbr. grein 3.4.

Skilyrði fyrir undanþágu samkvæmt þessari grein er að fyrir liggja staðfest vottorð/greining um námsörðugleika sem staðfestir að námsmaður geti ekki skilað lágmarksnámsárangri vegna lesblindu eða annarra sértækra námsörðugleika að teknu tilliti til þess svigrúms sem skóli veitir viðkomandi námsmanni til ástundunar náms, próftöku o.s.frv. Þá skal einnig fylgja staðfesting skóla sama efnis. Sækja þarf sérstaklega um fyrrnefnda undanþágu til sjóðsins.

3.4.7 Einingaskil við sérstakar aðstæður og námslok.

Námsmaður sem á einungis kost á því að stunda nám í 10 ECTS-eininga eða 20 ECTS-eininga áföngum á tiltekinni önn getur fengið lán í hlutfalli við loknar einingar svo fremi sem hann ljúki að

minnsta kosti 20 ECTS-einingum eða ígildi þeirra. Skilyrði þessarar undanþágu er að námsmaður sé skráður í fullt nám (30 ECTS-einingar) til loka annar.

Námsmaður sem ekki á kost á að ljúka lágmarksárangri á önn (22 ECTS-einingar í misseraskólum og 15 ECTS í fjórðungaskólum) vegna skipulags skóla eða vegna mats á fyrri námi getur átt rétt á láni í réttu hlutfalli við þann einingafjölda sem hann lýkur, séu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

1. Námsmanni stendur til boða að ljúka 15–21 ECTS-einingum á önninni í misseraskóla eða 10–14 ECTS-einingum í fjórðungaskóla og
2. námsmaður lýkur öllum einingum á önninni sem honum standa til boða.

Námsmaður sem á eftir minna en sem nemur 22 ECTS-einingum af einu misseri á lokamisseri í námi getur fengið lán í réttu hlutfalli við þann einingafjölda sem hann á ólokið, enda séu einingaskil ekki undir 12 ECTS-einingum í misserisskólum og 8 ECTS-einingum í fjórðungaskólum.

4. KAFLI

Framfærsla námsmanna.

4.1 Almenn.

Framfærsla námsmanns skiptist í grunnframfærslu, sbr. grein 4.2, og aðra framfærslu sem byggir á aðstæðum námsmanns, sbr. greinar 4.3 – 4.6. Tekið er tillit til framfærslu barna yngri en 18 ára sem eru á framfæri námsmanns. Lán vegna sjúkratrygginga og ferðakostnaðar eru til viðbótar lánnum til framfærslu námsmanns. Tekjur geta komið til frádráttar á þessum lánnum samkvæmt ákvæðum 7. kafla.

Lán taka almennt mið af aðstæðum, fjölskyldustærð og búsetu eins og þær eru skráðar í þjóðskrá 1. september ár hvert. Ef aðstæður breytast á skólaárinu eftir 1. september er þó tekið tillit til þess við ákvörðun lána samkvæmt gr. 4.3 – 4.6 og mun það leiða til hækkunar eða lækkunar á þeim lið eins og við á.

4.2 Grunnframfærsla.

Grunnframfærsla námsmanna á Íslandi og erlendis er miðuð við námsmann í fullu námi (60 ECTS-einingar á skólaárinu) og er:

- kr. 18.955 fyrir hverja ECTS-einingu eða kr. 126.364 á mánuði fyrir námsmann í foreldrahúsnæði.
- kr. 24.442 fyrir hverja ECTS-einingu eða kr. 162.947 á mánuði fyrir námsmann í leigu- eða eigin húsnæði.

4.3 Lán með tilliti til húsnæðis.

Námsmenn geta átt rétt á viðbótarláni vegna húsnæðiskostnaðar ef þeir búa í leigu- eða eigin húsnæði. Sé óskað eftir slíku viðbótarláni skal námsmaður sanna eðlilegar leigugreiðslur með skilum á þinglýstum leigusamningi, staðfestum leigusamningi á stúdentaíbúð eða staðfestingu á leigusamningi sem fer í gegnum HMS. Ef námsmaður býr í eigin húsnæði þarf hann að staðfesta íbúðareign með fasteignavottorði. Til þess að eiga rétt á viðbótarláni vegna húsnæðiskostnaðar má leiga almennt ekki vera lægri en kr. 40.000 á mánuði.

Námsmenn sem ekki búa í leigu- eða eigin húsnæði eiga ekki rétt á viðbótarframfærslu vegna húsnæðiskostnaðar.

Fjárhæð viðbótarláns vegna húsnæðiskostnaðar tekur mið af fjölskylduaðstæðum námsmanns, það er hjúskaparstöðu og fjölda barna á heimili, sbr. neðangreinda töflu:

Fjölskylduaðstæður námsmanns	Lán vegna húsnæðis	
	kr./mán.	kr./ECTS
1. Einhleypur	94.905	14.236
2. Sambúð, barnlaus	67.068	10.061
3. Sambúð, 1 barn	78.452	11.768
4. Sambúð, 2 börn eða fl.	84.786	12.718
5. Einstæður, 1 barn	156.904	23.536
6. Einstæður, 2 börn eða fl.	169.572	25.436

4.4 Styrkur og lán vegna barna.

Lánþegi sem þiggur námslán á rétt á styrk til framfærslu barns undir 18 ára aldri sem nemur áætluðum einföldum barnalífeyri á mánuði ef hann uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

1. lágmarksnámsframvindukröfur, sbr. grein 3.2, eða undanþágur frá þeim, sbr. greinar 3.4.1-3.4.7 og
2. fer með forsjá barns eða lánþegi er meðlagsskyldur með barninu.

Fjárhæð styrks fyrir hvert barn á framfæri námsmanns sem lýkur lágmarksnámsárangri, sbr. gr. 3.4, er kr. 51.000 á mánuði eða kr. 229.500 á hverri önn.

Námsmaður fær ekki styrk með barni/börnum nema hann fari með forsjá barns eða að hann greiði meðlag með barni. Ekki er heimilt að greiða bæði styrk vegna framfærslu og styrk vegna meðlags til sama námsmanns vegna sama barns. Aldrei er greitt meira með einu barni en sem nemur tvöföldum barnastyrk. Sjóðurinn áskilur sér rétt til þess að kanna og kalla eftir gögnum hjá viðeigandi stofnunum um forsjá barns.

Þá er vakin athygli á því að námsmaður verður að eiga lánsrétt á því námsstigi sem hann stundar nám á til þess að eiga rétt á barnastyrk.

Uppfylli lánþegi ekki kröfur þessarar greinar verður framfærslu vegna barna breytt í námslán.

4.5 Lán vegna ferðakostnaðar.

4.5.1 Ferðakostnaður námsmanns, maka og barna.

Lán vegna ferðakostnaðar námsmanns og fjölskyldu miðast við ákveðnar upphæðir, sem eru mismunandi eftir námslandi og námssvæði og tilgreindar eru í gr. 4.5.2 og 4.5.3. Ef maki sækir einnig um námslán á námsárinu, þá deilast ferðalán barna jafnt á milli beggja námsmanna.

4.5.2 Lán vegna ferða til námsstaðar erlendis.

Ferðalán vegna náms erlendis ákvarðast með eftirfarandi hætti þegar sótt er um námslán á skólaárinu; vegna hvers einstaklings er ferðalán til námsmanna, maka og barna eldri en tveggja ára í Danmörku, Noregi og Svíþjóð kr. 55.000, en kr. 60.000 vegna námsmanna og maka annars staðar í Evrópu, kr. 75.000 í Norður-Ameríku og kr. 115.000 vegna námsmanns og maka annars staðar. Lán vegna ferða barna yngri en tveggja ára miðast við 10% af ofangreindum fjárhæðum. Ekki er skilyrði að námsmaður framvísi gögnum vegna ferðar. Nordplus-, Erasmus- og aðrir skiptinemar sem njóta sambærilegra styrkja í námi sínu eiga ekki rétt á ferðaláni frá MSNM.

Lán vegna ferðakostnaðar er veitt einu sinni á hverju námsári.

4.5.3 Lán vegna ferða til námsstaðar á Íslandi.

Ferðalán vegna náms á Íslandi ákvarðast með eftirfarandi hætti þegar sótt er um námslán á skólaárinu; vegna einstaklings, maka og barna eldri en tveggja ára kr. 35.000, en lán vegna ferða barna miðast við 10% af ofangreindri upphæð ef barn er yngra en tveggja ára. Skilyrði þess að námsmenn á Íslandi eigi kost á ferðaláni er að þeir eigi lögheimili a.m.k. 100 km frá höfuðborgarsvæðinu eða öðru skólasvæði. Ekki er skilyrði að námsmaður framvísi gögnum vegna ferðar.

Lán vegna ferðakostnaðar er veitt einu sinni á hverju námsári.

4.5.4 Aukaferðalán vegna röskunar á stöðu og högum námsmanns.

Heimilt er samkvæmt þessari grein að veita námsmanni aukaferðalán ef hann þarf skyndilega að fara heim vegna alvarlegra veikinda eða andláts nánustu aðstandenda. Nauðsynlegt er að leggja fram nákvæmar upplýsingar um ástæður ferðar ásamt viðeigandi læknisvottorði eða dánarvottorði. Til nánustu aðstandenda skulu t.a.m. teljast maki, börn og foreldrar námsmanns, systkini námsmanns og börn þeirra.

4.6 Staðaruppbót.

Heimilt er að veita viðbótarframfærslulán (staðaruppbót) í þeim löndum þar sem verulega munar á íslenskri framfærslu og framfærslu í landinu.

Einungis þeir námsmenn sem stunda staðnám í eftirfarandi löndum/borgum fá staðaruppbót:

Land /Borg	Á mánuði (ISK)	ECTS (ISK)
Bandaríkin A	122.017	18.303
Bandaríkin B	6.219	933
London	7.696	1.155
Ítalía	30.830	4.625
Kosta Ríka	30.139	4.521
Sameinuðu arabísku furstadæmin	143.561	21.534
Sviss	88.767	13.315

5. KAFLI

Lán vegna skólagjalda.

Lán vegna skólagjalda að frádregnum óskattskyldum skólalstyrkjum eru veitt til grunnnáms (til grunnnáms telst aðfaranám, starfsnám og grunnháskólanám), meistaranáms og doktorsnáms, sbr. grein 3.3. Samanlögð heildarupphæð sem hægt er að fá í skólagjaldalán í öllum námsferlum er kr. 4.770.000 vegna náms á Íslandi en fyrir nám erlendis er upphæðin kr. 7.500.000.

Ef nám er skipulagt líkt og læknisfræðinám, þ.e. samfelld skipulagt nám lengra en 5 ár, er heimilt að bæta við framangreint skólagjaldahámark kr. 3.700.000.

Fyrir þá sem stunda grunnnám gildir að aldrei er veitt herra skólagjaldalán á hverju námsári en sem nemur 1/3 af heildarupphæð til skólagjaldalána í námslandinu. Árlegt hámarkslán til skólagjalda í grunnnámi á Íslandi er því kr. 1.590.000 en kr. 2.500.000 í grunnnámi erlendis.

Fjárhæð skólagjalda í námi erlendis skal yfirfærð í íslenskar krónur miðað við gengi 1. júní 2024. Verði breyting á gengi umfram 5% lánþega í óhag þegar útgreiðslur skólagjaldalána hefjast, þ.e. byrjun ágúst, byrjun janúar og byrjun maí, verður gengismunur greiddur til lánþega í formi aukaláns. Viðmiðunargengi við útreikning aukaláns er 1. ágúst 2024, 1. janúar 2025 og 1. maí 2025.

Ef lánþegi skiptir um námsland er reiknað út hversu hátt hlutfall hann hafði áður nýtt sér af skólagjaldahámarki fyrra námslands og það hlutfall notað áfram í næsta námslandi þegar svigrúm fyrir frekara skólagjaldaláni er fundið.

Einungis er veitt lán vegna árlegra skólagjalda umfram kr. 75.000 sem námsmaður greiðir svo sannanlegt sé. Eftirfarandi kostnaður er ekki innifalinn í skólagjöldum; námsferðir eða aðrar ferðir, gisting, fæði, tölvu- eða annar tækjabúnaður, efnis- eða bókakostnaður eða annar sambærilegur kostnaður. Sjóðurinn áskilur sér rétt til að óska eftir sundurliðun skólagjalda og þar sem við á og draga frá skólagjaldaláninu allan framangreindan kostnað áður en skólagjaldalán er afgreitt.

Einungis er heimilt að veita skólagjaldalán fyrir námi í einum námsferli á hverju misseri eða önn námsársins. Enn fremur er almennt ekki heimilt að veita skólagjaldalán vegna námskeiða sem tekin eru utan námsbrautar.

Námsmaður verður að skila lánshæfum námsárangri, sbr. grein 3.2, til að eiga rétt á skólagjaldaláni á námstímanum.

Heimilt er að greiða út lán vegna skólagjalda í upphafi annar/misseris. Aldrei er greitt út herra skólagjaldahlutfall fyrir fram við upphaf misseris en sem nemur fullu námi (30 ECTS-einingar) á því misseri.

Sömu reglur gilda um lánsrétt milli námsstiga og hvernig lánseiningar dragast frá einingarétti, sbr. grein 3.3, þó svo námsmaður þiggi eingöngu námslán fyrir skólagjöldum.

Tekjur námsmanns geta haft áhrif á upphæð skólagjaldalána, sbr. grein 7.2. Þá er vakin athygli á því að námsmaður verður að eiga lánsrétt á því námsstigi sem hann stundar nám á til þess að eiga rétt á skólagjaldaláni.

Ef lánþegi hefur áður fengið afgreitt skólagjaldalán í erlendri mynt samkvæmt eldri reglum er reiknað út hversu hátt hlutfall hann hafði áður nýtt sér af skólagjaldahámarki og það hlutfall notað áfram þegar svigrúm fyrir frekara skólagjaldaláni er fundið.

6. KAFLI Önnur lán.

6.1 Lán vegna sjúkratrygginga.

Námsmenn sem greiða háar sjúkratryggingar geta sótt um lán til að mæta þeim kostnaði. Hámark framfærslu vegna sjúkratrygginga er kr. 380.000 á hverju námsári. Viðmiðunargengi sem sjóðurinn notast við er 1. júní 2024. Heimilt er að veita lán til greiðslu hæfilegs kostnaðar vegna mæðraskoðunar og ungbarnaefirlits erlendis ef ljóst er að hvorki tryggingaraðili námsmannsins né viðkomandi sveitarfélag á Íslandi taki þátt í greiðslu kostnaðar. Einnig er heimilt á námstíma að veita lán til greiðslu ferðakostnaðar ef barnshafandi námsmaður eða maki námsmanns erlendis kýs, vegna óhóflegs kostnaðar erlendis, að fæða barn á Íslandi. Óheimilt er að taka tillit til sjúkrakostnaðar sem Tryggingastofnun ríkisins hefur synjað að greiða.

6.2 Lán vegna námsmanna sem búa hjá efnalitlum forráðamönnum.

Heimilt er að veita námsmanni sem býr í foreldrahúsum viðbótarlán vegna húsnæðis eins og hann væri í leigu- eða eigin húsnæði, sbr. gr. 4.3, ef tekjur foreldra eða foreldris og sambúðaraðila foreldris, ef því er að skipta, eru undir viðmiðunarmörkum. Viðmiðunarmörk í þessu sambandi svara til kr. 6.760.000 hjá einstæðu foreldri eða kr. 13.520.000 hjá hjónum eða sambúðarfólki.

6.3 Lán vegna maka.

Aðstæður sem geta leitt til þess að framfærsla námsmanns í hjónabandi/skráðri sambúð hækkar vegna maka eru m.a. eftirfarandi:

1. Veikindi eða örorka maka samkvæmt læknisvottorði sem sýnir fram á að maki sé óvinnufær með öllu.
2. Námsmaður og maki hafa langveikt eða fatlað barn á framfæri sínu og maki starfar ekki utan heimilis vegna umönnunar barnsins. Skilyrði er að barnið hafi lögheimili hjá námsmanni og maka og að læknisvottorði sé framvísað.
3. Námsmaður og maki eru búsett erlendis og hafa barn á framfæri sínu og maki á ekki rétt á atvinnuleyfi í námslandinu.

Ef veitt er lán vegna maka bætist við 50% af framfærslu námsmanns. Tekjur maka koma til frádráttar á láninu, sbr. grein 7.1.

Ekki er veitt makalán ef maki er sjálfur lánþegi á sömu önn.

Sjóðurinn áskilur sér heimild til þess að óska eftir því að trúnaðarlæknir sjóðsins á hverjum tíma afli upplýsinga hjá viðkomandi lækni um innsent læknisvottorð og gefi umsögn um efni þess. Verði slíkar upplýsingar ekki veittar getur sjóðurinn litið svo á að fullnægjandi umsókn hafi ekki verið skilað.

7. KAFLI Tekjur.

7.1 Tekjur og námsstyrkir.

Allar skattskyldar tekjur námsmanns (og maka ef sótt um makalán) sem mynda tekjustofn sem og launatekjur sem greiddar eru embættismönnum, fulltrúum og öðrum starfsmönnum sem starfa hjá alþjóðastofnunum eða ríkjasamtökum á árinu 2024 teljast til tekna við útreikning á láni og geta haft áhrif á veitta aðstoð á námsárinu. Hafi námsmaður tekjur í erlendri mynt eru tekjur hans yfurfærðar í íslenskar krónur miðað við gengi 1. júní 2024.

Skattskyldir náms- og rannsóknarstyrkir og kennslulaun, t.d. „teaching assistantship“ og „utbildningsbidrag“, reiknast sem tekjur.

Styrkir sem veittir eru á vegum menntaáætlana Nordplus, Erasmus eða annarra sambærilegra áætlana koma ekki til frádráttar á námsláni.

7.2 Frádráttur frá tekjum.

7.2.1 Frítekjumark.

Frítekjumark námsmanns er kr. 2.200.000 á árinu 2024. Ef tekjur námsmanns eru hærrí en frítekjumarkið, þá koma 45% af umframtekjum til frádráttar á námsláni. Ef veitt eru makalán, þá hækkar sameiginlegt frítekjumark námsmanns og maka í kr. 3.300.000 og 45% af sameiginlegum umframtekjum námsmanns og maka á árinu 2024 koma til frádráttar á námsláni.

Heimilt er að fimmfalda frítekjumark námsmanns enda liggja fyrir að hann hafi ekki verið í láns hæfu námi eða á námslánum hjá sjóðnum sl. 6 mánuði.

Frádrætti vegna tekna skal að jafnaði dreift jafnt á 60 ECTS-einingar.

7.2.2 Annar frádráttur.

Til viðbótar frítekjumarki geta eftirfarandi tilfelli leitt til frekari frádráttar á tekjum námsmanns:

1. Skólagjöld sem námsmaður fær ekki lánað fyrir vegna þess að hann hefur fullnýtt skólagjalda-rétt sinn samkvæmt kafla 5 og
2. föst afborgun námsláns sem til fellur og greidd er á aðstoðartímabilinu.

7.2.3 Séreignarsparnaður greiddur út árið 2024.

Umsækjendur um námslán sem fá greiddan út séreignarsparnað á árinu 2024 geta óskað eftir því að hann verði undanþeginn við útreikning á námsláni skólaárið 2024-2025. Sækja verður um leiðréttingu vegna skólaársins fyrir 1. maí 2025.

7.3 Upplýsingaskylda námsmanns vegna tekna.

7.3.1 Tekjuáætlun.

Þegar námsmaður sækir um námsaðstoð hjá sjóðnum er honum skylt að áætla tekjur sínar (og maka ef sótt um makalán) á árinu 2024. Þær tekjuupplýsingar eru notaðar þegar lánsfjárhæð námsmanns og væntanlegar útgreiðslur eru reiknaðar út.

7.3.2 Endanleg tekjuáætlun.

Áður en uppgjör haustannar 2024 á sér stað og mánaðarlegar útgreiðslur vorannar 2025 hefjast verða allir umsækjendur að gera nýja tekjuáætlun yfir tekjur sem þeir öfluðu á árinu 2024. Sjóðurinn áskilur sér rétt til að breyta ófullnægjandi tekjuáætlun með hliðsjón af upplýsingum um tekjur viðkomandi í staðgreiðsluskra Skattsins.

Samtímagreiðslur til námsmanna sem ekki hafa skilað endanlegri tekjuáætlun síðasta árs fyrir 1. janúar 2025 eru stöðvaðar þar til endanleg tekjuáætlun berst.

7.3.3 Skattframtal.

Sjóðurinn hefur heimild til að krefjast staðfestra tekjuupplýsinga (skattframtals) frá öllum umsækjendum vegna tekna ársins 2024 áður en lokauppgjör námsársins fer fram eftir vorönn 2025.

7.3.3.1 Íslenskt skattframtal.

Sjóðurinn mun sækja framtalsupplýsingarnar til Skattsins fyrir alla umsækjendur á námsárinu 2024-2025 sem bera almenna skattskyldu á Íslandi vegna ársins 2024. Komi síðar í ljós tekjumunur á innsendu og staðfestu skattframtali (útsvarsskra), verður lánsáætlun viðkomandi endurreiknuð út frá nýjum tekjuupplýsingum.

7.3.3.2 Skattframtal frá öðrum Norðurlöndum.

Námsmenn á öðrum Norðurlöndum þurfa að skila staðfestum upplýsingum um tekjur fyrir árið 2024 í búsetulandinu (námslandinu). Í Danmörku „ársopgörelse“, í Noregi „skatteopgjør“, í Svíþjóð „slutlig skatt“ og í Finnlandi „verollmoitus“. Þetta er óháð því hvort viðkomandi sé líka framtalskyldur á Íslandi eða ekki.

7.3.3.3 Framtal í öðrum löndum.

Námsmenn í öðrum löndum sem ekki bera almenna skattskyldu á Íslandi vegna ársins 2024 verða að skila staðfestum tekjuupplýsingum ársins 2024 frá búsetulandinu.

8. KAFLI

Útborgun námslána og ofgreidd lán.

8.1 Útgreiðsla námslána.

8.1.1 Almennt.

Útreikningur á námsláni og útgáfa lánsáætlana vegna skólaársins 2024-2025 hefst í júlí/ágúst 2024.

Lánþegar undirrita skuldabréf fyrir hverja útborgun láns að jafnaði með rafrænum hætti.

Skilyrði fyrir því að uppgjör láns í lok annar fari fram, mánaðarlegar greiðslur hefjist á síðari önnum námsársins eða fyrirframgreidd skólagjöld séu greidd út, er að búið sé að skila öllum nauðsynlegum

gögnum og upplýsingum s.s. um tekjur, sbr. gr. 7.3, námsárangur, sbr. grein 3.2 og/eða ganga frá endurgreiðslu vegna ofgreiðslu, sbr. grein 8.2.1.

Útborgun láns er háð því skilyrði að lánþegi hafi gefið út skuldabréf í eigin nafni til tryggingar láninu. Lánið greiðist inn á reikning viðkomandi lánþega í viðskiptabanka eða sparisjóði á Íslandi sem skal vera á nafni námsmanns.

Síðasti dagur útborgunar vegna námsársins 2024-2025 er til og með 15. janúar 2026. Eftir þann tíma er hvorki hægt að afgreiða lán né gera athugasemdir við afgreiðslu láns á námsárinu. Skili námsmaður ekki tilskildum lágmarksnámsárangri eftir viðkomandi skólaár eru fyrirframgreidd lán endurkræf samkvæmt reglum um ofgreidd lán, sbr. kafla 8.2.

8.1.2 Fyrirframgreidd námslán.

Greiðsla mánaðarlegra framfærslulána til þeirra námsmanna sem óska eftir samtímagreiðslum hefjast á eftirfarandi tímum:

Misseraskólar

Haustönn	1. október 2024
Vorönn	1. febrúar 2025
Sumarönn	1. júní 2025

Fjórðungaskólar

Haustönn	1. nóvember 2024
Vetrarönn	1. febrúar 2025
Vorönn	1. maí 2025
Sumarönn	1. ágúst 2025

Skilyrði fyrir því að mánaðarlegar greiðslur hefjist á síðari önnum námsársins er að uppgjör á fyrri önnum sé lokið, sbr. gr. 8.1.1.

Greiðsla skólagjaldalána til námsmanna sem óska eftir fyrirframgreiðslu hefst að öllu jöfnu um miðjan mánuð á eftirfarandi tímum:

Haustönn	ágúst 2024
Vetrarönn	janúar 2025
Vorönn	janúar 2025
Sumarönn	maí 2025

Skilyrði fyrir því að greiðslur skólagjalda hefjist á síðari önnum námsársins er að uppgjör á fyrri önnum sé lokið, sbr. gr. 8.1.1.

Aldrei er greitt út herra skólagjaldahlutfall fyrir fram við upphaf misseris/annar en sem nemur fullu námi (30 ECTS-einingar) á því misseri eða sambærilegum einingum á önn í fjórðungaskólum (20 ECTS-einingar). Heimilt er að endurskoða það þegar námsframvinda liggur fyrir og uppgjör láns á því misseri eða önn í fjórðungaskóla stendur yfir.

8.1.3 Eftirágreiðd námslán.

Greiðsla framfærslulána og skólagjaldalána til námsmanna sem óska eftir að fá greitt eftir hverja önn hefjast að öllu jöfnu um miðjan mánuð á eftirfarandi tímum:

Haustönn	janúar 2025
Vetrarönn	mars 2025
Vorönn	maí 2025
Sumarönn	ágúst 2025

Skilyrði er að námsmaður hafi lagt fram gögn um námsárangur sinn, tekjuáætlun eða skattframtal og aðrar þær upplýsingar sem máli skipta, sbr. gr. 8.1.1.

8.2 Ofgreidd lán.

8.2.1 Ofgreidd lán.

Komi í ljós að námsmaður hafi fengið lán án þess að hafa uppfyllt skilyrði sjóðsins eða fær greitt herra lán en hann á rétt á, t.d. vegna vanáætlaðra tekna, ófullnægjandi námsárangurs eða annarra ástæðna, ber honum að endurgreiða lánið sérstaklega með verðbótum frá útborgunardegi.

Hafi námsmaður sótt um námslán á næsta misseri á eftir því misseri sem ofgreiðslan tilheyrði, og hið óafgreidda námslán er jafnhátt eða herra en ofgreiðslan, skuldajafnar sjóðurinn skuld vegna ofgreiðslu innan sama lánaflokks við óafgreitt námslán sem námsmaður á von á.

Sé ekki hægt að skuldajafna ofgreitt lán, sbr. 2. mgr. þessarar greinar, hefur námsmaður val um að staðgreiða ofgreiðsluna eða samþykkja sérstakt endurgreiðsluskuldabréf.

Frekari námsaðstoð er stöðvuð þar til gengið hefur verið frá ofgreiddu láni.

8.2.2 Skuldabréf.

Skuldabréf vegna ofgreiddra lána skulu bera vexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands um almenna vexti af óverðtryggðum lánum og leggjast vextirnir á þá fjárhæð sem námsmanni ber að endurgreiða frá útborgunardegi hins ofgreidda láns. Fyrsti vaxtadagur er skilgreindur í skuldabréfi og tekur mið af þeim degi er skuldabréfið er útbúið hjá sjóðnum. Lántaka ber að útvega sjálfskuldarábyrgð til tryggingar skuldinni. Lánstími skal að meginreglu til ekki vera lengri en 18 mánuðir.

8.2.3 Innheimta.

Ofgreiðsla láns kemur til innheimtu eftir að námsárangur og önnur gögn eiga að hafa borist sjóðnum. Geri námsmaður ekki upp ofgreitt lán innan tilskilins frests er námslánaskuldabréf hans fært til innheimtu, sbr. grein 11.2, og innheimta skal hið ofgreidda lán sem sérstaka afborgun af námslána-skuld hans.

9. KAFLI

Röng upplýsingagjöf og leiðréttingar.

9.1 Vísitandi villandi upplýsingar.

Ef námsmaður hefur vísitandi veitt sjóðnum rangar eða villandi upplýsingar fellur öll námsaðstoð við hann niður og aðstoð sem hann kann að hafa fengið vegna slíkra upplýsinga ber námsmanni að endurgreiða með verðbótum frá útborgunardegi. Þetta á m.a. við ef sannað þykir að námsmaður hafi gefið upp rangar tekjur samkvæmt skilgreiningu sjóðsins um tekjur, þegar viðkomandi skattaári er lokið.

9.2 Leiðréttingar sjóðsins.

Verði mistök við veitingu námsláns ber að leiðrétta þau strax og upp kemst. Námsmönnum er eindregið bent á að kynna sér vandlega þau ákvæði í þessum úthlutunarreglum sem eiga við hverju sinni og stuðla að því að slík mistök leiðrétist sem fyrst. Námsmanni skal tilkynnt um slík mistök, þau leiðrétt eins fljótt og auðið er og námsmaður endurgreiðir ofgreidd lán ef við á.

10. KAFLI

Ábyrgðir.

10.1 Sjálfskuldarábyrgð.

Ábyrgðar á námsláni er krafist ef lánþegi telst ekki tryggur lántakandi. Lánþegi telst ekki tryggur lántakandi þegar hann er á vanskilaskrá, bú hans hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta, hann fengið niðurfelldar afborganir í kjölfar greiðsluáðlögunar eða ef sjóðurinn hefur þurft að afskrifa lán gagnvart viðkomandi.

Þeir sem gerast ábyrgðarmenn á námsláni takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á námslánaskuldinni en slík ábyrgð gerir ábyrgðarmanni skylt að greiða skuldina sem hann er í ábyrgð fyrir strax og í ljós kemur að lántakandi hefur ekki staðið við skuldbindingar sínar um að greiða af láninu.

Sjóðurinn getur innheimt ábyrgðina beint hjá ábyrgðarmanni og þarf ekki að gera sérstakar tilraunir til að fá skuldina greidda hjá lántakanda áður. Þó getur sjóðurinn ekki gengið að ábyrgðarmanni fyrr en sannreynt hefur verið að lántakandi hafi ekki greitt af láninu á gjalddaga. Þetta á þó ekki við verði lántakandi úrskurðaður gjaldþrota en þá fellur lánið allt í gjalddaga í samræmi við lög um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991.

Sjálfskuldarábyrgð skal ætíð bundin við ákveðna hámarksfjárhæð sem breytist í samræmi við vísitölu neysliverðs en auk þess tekur sjálfskuldarábyrgðin til greiðslu vaxta, dráttarvaxta og alls kostnaðar sem leiða kann af vanskilum skuldarinnar þar með talin réttargjöld og innheimtuþóknun.

Tilnefnd ábyrgðarfjárhæð ábyrgðarmanns miðast við tilgreinda vísitölu og skal að jafnaði ekki vera hærri en 7 m.kr. fyrir hvern námsmann. Ábyrgðarmanni er þó heimilt að veita ábyrgð umfram framangreinda hámarksábyrgð vegna láns sem námsmanni reiknast á því námsári sem uppreiknuð ábyrgð hans nær 7 m.kr. Lágmarksábyrgð er 100 þús. kr.

10.1.1 Skilyrði sem ábyrgðarmenn þurfa að uppfylla.

Ábyrgðarmaður staðfestir með undirskrift sinni á skuldabréf eða ábyrgðaryfirlýsingu að hann hafi kynnt sér ákvæði skuldabréfsins og niðurstöðu greiðslumats og ef við á yfirlit úr vanskilaskrá.

Ábyrgðarmenn skulu vera orðnir 18 ára og fjárráða. Ábyrgðarmenn skulu ekki vera eldri en 50 ára nema um sé að ræða foreldra námsmanns. Ábyrgð lögpersónu í stað einstaklings er háð samþykki Menntasjóðsins og að um sé að ræða opinbera stofnun eða fjármálastofnun sem Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur eftirlit með. Sjóðnum skal þá heimilt, með samþykki lánþega, að innheimta gjald fyrir ábyrgðaraðilann við útborgun lánsins. Að öðru leyti gilda um ábyrgð lögpersónu sömu reglur og almennt gilda um sjálfskuldarábyrgð einstaklinga.

Ábyrgðarmenn skulu að jafnaði vera íslenskir ríkisborgarar með lögheimili á Íslandi. Óheimilt er að samþykkja ábyrgðarmenn fyrir námsláni sem eru á vanskilaskrá, í vanskilum við sjóðinn eða bú þeirra sé í, eða hafi verið tekið til gjaldþrotameðferðar. Ábyrgðarmaður skal jafnframt undirgangast mat á lánshæfi sem þarf að vera fullnægjandi að mati sjóðsins.

Breytist staða ábyrgðarmanns þannig að hann telst ekki lengur uppfylla ofangreind skilyrði þá skal lántakandi útvega nýjan ábyrgðarmann fyrir námsláni sínu áður en hann fær frekari lán afgreidd hjá sjóðnum. Eldri ábyrgð fellur þó ekki úr gildi nema henni sé sagt upp og nýr ábyrgðarmaður sem sjóðurinn samþykkir ábyrgist fyrri lánveitingar.

10.1.2 Réttarstaða ábyrgðarmanna og endurkröfur.

Séu ábyrgðarmenn fleiri en einn bera þeir óskipta sameiginlega (solidaríska) ábyrgð gagnvart sjóðnum. Þegar ábyrgðarhluti ábyrgðarmanna er skiptur, t.d. í þeim tilvikum sem lán hafa verið sam-einuð við endurgreiðslu, getur ábyrgðarmaður greitt upp sinn ábyrgðarhluta ásamt vöxtum og kostnaði verði vanskil á námslánaskuld.

Á meðan lán hefur ekki verið gjaldfellt getur ábyrgðarmaður haldið láninu í skilum. Ábyrgðarmaður getur óskað eftir því við sjóðinn að greiðslunni skuli ráðstafað til lækkunar á þeim hluta heildarskuldarinnar sem hann ábyrgðist.

Ákvæði skuldabréfs um undanþágur frá endurgreiðslu gilda ekki gagnvart ábyrgðarmanni sem ábyrgð hefur fallið á og tekið hefur að sér endurgreiðslu lánsins.

Látist ábyrgðarmaður getur lántakandi sem ekki er í skilum við Menntasjóð námsmanna útvegað nýjan ábyrgðarmann sem uppfyllir ofangreind skilyrði en að öðrum kosti taka erfingjar hins látna ábyrgðarmanns við ábyrgðinni eftir almennum reglum ef erfingjar hafa á annað borð tekið á sig ábyrgð á eignum og skuldum dánarbúsins.

Ábyrgð ábyrgðarmanns fellur niður við andlát hans enda sé lánþegi í skilum við Menntasjóðinn.

Ábyrgðarmaður getur sagt upp ábyrgðinni. Beiðni um slíkt skal senda í gegnum „Mitt lán“. Áhrif þess eru þó eingöngu þau að skyldur hans aukast ekki umfram það sem þegar hefur verið samið um. Ábyrgðarmaðurinn ber engu að síður áfram ábyrgð á þeim lánum sem þegar hafa verið veitt. Uppsögnin tekur gildi um leið og sjóðurinn hefur tilkynnt lántakanda um uppsögnina.

10.1.3 Veðtrygging.

Óski námsmaður eftir að setja fasteign á Íslandi að veði til tryggingar námsláni þarf hann að leggja fram eftirfarandi gögn: veðbókarvottorð, afrit síðustu greiðsluseðla vegna áhvílandi lána, fasteigna- og brunabótamat.

Við veðtryggingu námslána er miðað við að áhvílandi lán, að viðbættu láni frá sjóðnum fari ekki yfir 85% af fasteignamati íbúðarhúsnæðis og sé innan við 85% af brunabótamati. Jafnframt er heimilt að fara fram á verðmat löggilts fasteignasala og skal þá miðað við að lán frá sjóðnum fari ekki yfir 80% af verðmati. Ekki er heimilt að setja erlenda fasteign að veði til tryggingar námsláni.

11. KAFLI Skuldabréf.

11.1 Skuldabréf.

H-lána skuldabréf er gefið út við hverja úthlutun Menntasjóðs námsmanna á námstímanum. Við hverja úthlutun skal eldra skuldabréf sameinað hinu nýja þannig að á hverju nýju skuldabréfi komi fram upphæð heildarskuldar námsmanns eins og hún er á útgáfudegi skuldabréfsins að meðtöldum áföllnum verðbótum. Við útgáfu á nýju skuldabréfi fyrir samantekinni heildarfjárhæð fellur eldra bréf

úr gildi. Endurgreiðsla námslánsins fer fram á grundvelli síðasta skuldabréfsins sem námsmaður gefur út. Þá skal við frágang skuldabréfs metið hvort námsmaður eigi rétt á niðurfellingu hluta námsláns við námslok, sbr. 12. kafla úthlutunarreglnanna.

G-lána skuldabréf er gefið út í upphafi náms og er án fjárhæðar, bréfið er verðtryggt með vísitölu neysluverðs og reiknast verðtryggingin frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir útborgun. Eftir ákvörðun um lokun skuldabréfs er skuld uppreiknuð og færð inn á skuldabréfið ásamt grunnvísitölu skuldabréfs sem miðast við vísitölu neysluverðs á lokunardegi.

11.2 Skuldabréf færð til innheimtu.

Skuldabréf eru færð til innheimtu þegar námsmaður hættir að þiggja lán hjá Menntasjóði námsmanna og er miðað við lok síðasta aðstoðartímabils. Á það jafnt við um námsmenn sem ljúka ekki fullnægjandi námsárangri, ljúka ekki námi, og námsmenn sem halda áfram námi án þess að taka námslán. Telst sá tímunktur námslok í skilningi laga um Menntasjód námsmanna nr. 60/2020.

Þegar frágangur hefst á skuldabréfum H- og G-lána og þau færð til innheimtu er lántakanda og ábyrgðarmanni, ef við á, sendar sundurliðaðar upplýsingar um útgreiðslur lána skuldabréfs og honum veittur 14 daga frestur til að gera athugasemdir. Að þeim tíma liðnum er sjóðnum heimilt að fylla út skuldabréf G-lána.

11.3 Endurgreiðslur hefjast.

11.3.1 H-lán.

Endurgreiðslur H-lána teknum samkvæmt lögum um Menntasjód námsmanna nr. 60/2020 hefjast einu ári eftir námslok.

Námslokadagur H-lána telst síðasti dagur þeirrar annar sem námsmaður naut síðast námsaðstoðar frá Menntasjóði námsmanna. Þeir dagar sem skulu teljast lokadagar hvernar annar eru eftirfarandi:

Haustönn	31. janúar
Vetrarönn	30. apríl
Vorönn	30. júní
Sumarönn	30. september

11.3.2 G-lán.

Endurgreiðslur G-lána teknum samkvæmt lögum nr. 21/1992 hefjast tveimur árum eftir námslok. Ljúki námsmaður námi á haust- eða vormisseri, miðast námslokin við 29. júní og fyrsti afborgunardagur er 30. júní tveimur árum síðar. Ef námslok eru á sumarönn sem nær fram yfir 1. júlí miðast námslokin við 31. ágúst og fyrsti afborgunardagur er 1. mars tveimur og hálfu ári síðar.

11.4 Frestun á frágangi skuldabréfs.

Námsmönnum er heimilt að gera hlé á lántöku án þess að skuldabréf sé fært til innheimtu. Lengd samfellds hlés sem heimilt er að taka án þess að skuldabréf sé fært til innheimtu er eitt ár.

Tilkynni námsmaður að hann hafi tekið sér námshlé sem er ekki lengra en eitt ár, er heimilt að fresta frágangi á skuldabréfi ljúki námsmaður lánshæfum námsárangri á fyrstu önn eftir námshlé. Skilyrði þess að námsmaður geti frestað frágangi skuldabréfs er að hann ljúki lánshæfum námsárangri á því tímabili sem frestun tekur til. Heimilt er að fresta lokun skuldabréfs að hámarki fjórum sinnum eða í fjögur ár, stundi námsmaður lánshæft nám án þess að taka námslán.

11.4.1 H-lán.

Umsóknarfrestur til að sækja um frest á því að skuldabréf H-lána sé fært til innheimtu tekur mið af því hvenær á námsárinu fyrsta önn eftir eins árs hlé á sér stað.

Umsókn um frestun á lokun skuldabréfs H-lána

Nám á	Námslok	Umsóknarfrestur	Fyrsta afborgun
Haustönn 2023	31. janúar 2024	15. janúar 2025	1. mars 2025
Vetrarönn 2024 *	30. apríl 2024	15. apríl 2025	1. júní 2025
Vorönn 2024	30. júní 2024	15. júní 2025	1. september 2025
Sumarönn 2024	30. september 2024	15. október 2025	1. desember 2025

* Á við um þá sem eru í fjórðunganámi.

11.4.2 G-lán.

Umsóknarfrestur til að sækja um frest á því að skuldabréf G-lána sé fært til innheimtu tekur mið af því hvenær á námsárinu fyrsta önn eftir eins árs hlé á sér stað.

Umsókn um frestun á lokun skuldabréfs G-lána			
Nám á	Námslok	Umsóknarfrestur	Fyrsta afborgun
Haustönn 2022	29. júní 2023	15. október 2024	30. júní 2025
Vorönn 2023	29. júní 2023	15. október 2024	30. júní 2025
Sumarönn 2023	31. ágúst 2023	15. október 2024	1. mars 2026
Haustönn 2023	29. júní 2024	15. október 2025	30. júní 2026

Þeir námsmenn sem eru með G-lán og skiluðu síðast inn lánshæfum námsárangri til sjóðsins haustönn 2022, vorönn eða sumarönn 2023 geta sótt um frestun á frágangi skuldabréfs til innheimtu til og með 15. október 2024. Í kjölfarið á umsókn þurfa námsmenn að sýna fram á lánshæfan námsárangur námsárið 2023-2024 eða staðfesta að þeir séu skráðir í lánshæft nám á haustönn 2024.

Þeir námsmenn sem eru með G-lán og skiluðu síðast inn lánshæfum námsárangri til sjóðsins haustönn 2023 geta sótt um frestun á frágangi skuldabréfs til innheimtu til og með 15. október 2025. Í kjölfarið á umsókn þurfa námsmenn að sýna fram á lánshæfan námsárangur á vorönn 2024, haustönn 2024 eða staðfesta að þeir séu skráðir í lánshæft nám á vorönn 2025.

Staðfesting á námsárangri og öðrum gögnum skal skilað strax í lok þeirrar annar sem umsókn um frest byggir á.

Ef námsmaður gerir lengra hlé á námi sínu en heimilt er samkvæmt þessari grein skal skuldabréf fært til innheimtu. Þegar námsmaður hefur aftur nám að loknu slíku námshléi skal líta á það sem nýtt nám (nýr námsferill) og verður námsmaður að samþykkja nýtt skuldabréf vegna nýs láns. Námsmaður greiðir jafnframt afborganir af eldra skuldabréfi, sjá þó 15. kafla úthlutunarreglna um frestun á afborgun á meðan á námi stendur.

12. KAFLI

Námsstyrkur H-lána við námslok.

Ljúki námsmaður prófgráðu á þeim námstíma sem skipulag skólans á náminu gerir ráð fyrir á hann rétt á námsstyrk sem nemur 30% niðurfærslu á höfuðstól námslánaskuldarinnar ásamt verðbótum á þeim degi sem skuldabréf er fært til innheimtu.

Námsstyrkur er einungis veittur vegna náms sem er skipulagt í a.m.k. tvær annir og sem nemur að lágmarki 60 ECTS-einingum eða ígildi þeirra.

Námsmenn hafa svigrúm til seinkunar í námi án þess að réttur til námsstyrks skerðist. Svigrúm til seinkunar er eftirfarandi:

1. Eitt ár umfram þann tíma sem skipulag iðn-, starfs- og aðfaranáms kveður á um.
2. Eitt ár umfram þann tíma sem skipulag bakkalárs- og meistaranáms kveður á um.
3. Sex mánuðir umfram þann tíma sem skipulag diplómanáms kveður á um.
4. Tvö ár umfram þann tíma sem skipulag doktorsnáms kveður á um.

Undanþágur frá námsframvindu samkvæmt greinum 3.4.1 – 3.4.6 teljast ekki til seinkunar í námi.

Fái námsmaður metnar einingar inn í námsferil sem lýkur með prófgráðu minnkar námstími sbr. 1. mgr. með eftirfarandi hætti:

1. Um eina önn fyrir 15 – 44 metnar einingar.
2. Um tvær annir fyrir 45 – 74 metnar einingar o.s.frv.

Áður en hægt er að veita námsmanni styrk þurfa að liggja fyrir staðfestar upplýsingar um hvenær nám hans hófst og hvenær því lauk með afriti af staðfestri prófgráðu til sjóðsins ásamt öðrum nauðsynlegum gögnum. Námsmaður ber ábyrgð á því að sjóðnum berist slíkar upplýsingar. Að jafnaði er miðað við að staðfesting námsmanns á námslokum verði að hafa borist til sjóðsins innan 6 mánaða frá því hann lauk námi.

13. KAFLI Ákvæði skuldabréfa.

Endurgreiðslur námslána taka mið af ákvæðum hvers skuldabréfs og þeim lögum sem í gildi voru þegar lánin voru tekin. Að öðru leyti gilda samþykktar úthlutunarreglur sjóðsins hverju sinni.

Fylgiskjöl vegna umsókna tengd endurgreiðslum skulu berast sjóðnum eigi síðar en einum mánuði eftir að umsóknarfrestur rennur út. Að öðrum kosti er litið svo á að greiðandi sé fallinn frá umsókn og er sjóðnum þá heimilt að fella umsóknina úr gildi. Í þeim tilvikum sem greiðandi hefur fengið breytingu á framtali frá skattayfirvöldum er heimilt að taka tillit til þess þótt gögn berist eftir framangreindan frest, að því gefnu að umsókn þess efnis berist fyrir umsóknarfrest hvers umsóknarárs, sbr. 15. kafla.

13.1 Vextir og önnur lánakjör H-lána.

13.1.1 Vaxtakjör.

Vextir H-lána eru breytilegir og byggja á vaxtakjörum sem ríkissjóði bjóðast á markaði að viðbættu föstu vaxtaálagi 0,8%, sem tekur mið af væntum afföllum af endurgreiðslu námslána. Þrátt fyrir framangreint er vaxtaþakið 4% af verðtryggðum lánum og 9% af óverðtryggðum lánum.

13.1.2 Lánskjör og vextir meðan á námi stendur.

Lán samkvæmt lögum um Menntasjóð námsmanna nr. 60/2020 eru verðtryggð en vaxtalaus fram að námslokadegi. Verðtrygging reiknast frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir útborgun. Fáir námsmaður greitt út lán eftir námslokadag, reiknast vextir á þá greiðslu frá næsta degi eftir útborgun. Verðtryggingin miðast við breytingar á vísitölu neysluverðs.

13.1.3 Lánskjör eftir námslokadag.

Eftir að námslokadagur hefur verið ákveðinn er námslánaskuld reiknuð og grunnvísitala skuldabréfs er miðuð við vísitölu neysluverðs á námslokadegi. Næsti dagur á eftir námslokadegi er fyrsti vaxtadagur skuldabréfs. Meginregla endurgreiðsluskilmála skuldabréfs er að skuldabréfið sé verðtryggt og endurgreiðslutíminn háður lánsfjárhæð sem þó er háð þeim skilyrðum að lánið verði endurgreitt áður en lánþegi nær 66 ára aldri. Þegar skuldabréf er fært til innheimtu er lántaka heimilt að velja hvort skuldabréfið skuli vera verðtryggt eða óverðtryggt. Þá getur lántaki einnig valið hvort endurgreiðslufyrirkomulag bréfsins skuli vera háð lántökufjárhæð eða háð tekjum sbr. nánar í 14. kafla. Hafi lántaki ekki upplýst sjóðinn um hvort hann velji ofangreinda skilmála á skuldabréfi sínu í síðasta lagi tveimur vikum fyrir fyrstu afborgun skal miða við framangreinda meginreglu um að skuldabréf sé jafngreiðslulán og verðtryggt, sbr. töflu í kafla 14.2.2 um fjölda endurgreiðsluára.

14. KAFLI Endurgreiðslur.

14.1 Endurgreiðslutími.

Lánþega er heimilt að greiða inn á eða greiða upp námslán fyrir en ákvæði skuldabréfs kveða á um án viðbótarkostnaðar.

Einstaklingur sem greiðir upp eða inn á námslánaskuldabréf samkvæmt eldri lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna (lánaflokkar V, S, R og G) á rétt á afslætti aukainnborgunar sem nemur 5-15% af ógjaldföllum eftirstöðvum skuldabréfs fyrir greiðslu. Einungis er veittur afsláttur af greiðslum sem eru umfram lögbundnar árlegar endurgreiðslur. Til þess að eiga rétt á afslætti aukainnborgunar mega ekki vera færri en 30 dagar í næsta reglulega gjalddaga frá greiðslu. Hlutfall afsláttar ræðst af eftirstöðvum eldri lánaflokkum (V-, S-, R- og G-lána) greiðanda og er 5% ef skuld lántaka er 1 milljón kr. eða lægri, hækkar línulega eftir það og verður að hámarki 15% séu eftirstöðvar 4,8 m.kr. eða hærri. Beiðni um aukainnborgun/uppgreiðslu skal berast í gegnum heimasvæði greiðanda inn á „Mitt lán“. Ekki er hægt að fá afslátt vegna aukainnborgunar eða uppgreiðslu H-láns.

Einstaklingar eiga ekki rétt á afslætti vegna aukainnborgunar/uppgreiðslu inn á námslán nema endurgreiðsla á einu eða fleiri námslána hans sé hafin.

Sækja þarf um afslátt vegna aukainnborgunar/uppgreiðslu inn á „Mitt lán“ og dregst hann frá heildarskuld lánsins þegar greitt er. Í þeim tilvikum þar sem annar en skuldari námsláns greiðir upp eða inn á námslán skal sækja um afsláttinn innan þriggja mánaða frá greiðslu og senda beiðni þess

efnis á menntasjodur@menntasjodur.is þar sem afsláttur skal endurgreiddur til þess aðila sem greiddi inn á námslánið.

14.2 Árleg endurgreiðsla.

14.2.1 Endurgreiðslur námslána H-lán.

Endurgreiðslur námslána eru 1. dag hvers mánaðar og skiptast í annars vegar jafngreiðslulán þar sem endurgreiðslutími fer eftir fjárhæð lánsins og hins vegar tekjutengd lán þar sem endurgreiðsla fer eftir tekjum lántaka en þó með ákveðinni fastri lágmarksfjárhæð, sjá nánar grein 14.2.3.

14.2.2 Endurgreiðslufyrirkomulag háð lántökufjárhæð.

Lán skulu vera endurgreidd sem jafngreiðslulán með mánaðarlegum endurgreiðslum 1. dag hvers mánaðar. Lengd lánstíma tekur mið af heildarfjárhæð skuldabréfsins og aldri lántaka þar sem lántaki skal greiða upp lánið fyrir 66 ára aldur.

Endurgreiðslutími verðtryggðra lána getur minnst verið 5 ár frá námslokum. Endurgreiðslur verðtryggðra jafngreiðslulána verða eftirfarandi:

Námslánaskuld	Endurgreiðslutími		Árlegar endurgreiðslur	
	mánuðir	ár	Lægsta	Hæsta
1 - 799.999	48	4	0	200.000
800.000 - 1.599.999	49-72	6	133.333	266.667
1.600.000 - 2.399.999	73-96	8	200.000	300.000
2.400.000 - 3.199.999	97-120	10	240.000	320.000
3.200.000 - 3.999.999	121-144	12	266.667	333.333
4.000.000 - 4.799.999	145-168	14	285.714	342.857
4.800.000 - 5.599.999	169-192	16	300.000	350.000
5.600.000 - 6.399.999	193-216	18	311.111	355.556
6.400.000 - 7.199.999	217-240	20	320.000	360.000
7.200.000 - 7.999.999	241-264	22	327.273	363.636
8.000.000 - 8.799.999	265-288	24	333.333	366.667
8.800.000 - og hærra	289-300	25	352.000	og hærra

Endurgreiðslutími óverðtryggðra jafngreiðslulána verður eftirfarandi:

Námslánaskuld	Endurgreiðslutími		Árlegar endurgreiðslur	
	mánuðir	ár	Lægsta	Hæsta
1 - 399.999	1-24	2	0	200.000
400.000 - 799.999	25-48	4	100.000	200.000
800.000 - 1.599.999	49-72	6	133.333	266.667
1.600.000 - 2.399.999	73-96	8	200.000	300.000
2.400.000 - 3.199.999	97-120	10	240.000	320.000
3.200.000 - 3.999.999	121-144	12	266.667	333.333
4.000.000 - 4.799.999	145-168	14	285.714	342.857
4.800.000 - 5.599.999	169-192	16	300.000	350.000
5.600.000 - 6.399.999	193-216	18	311.111	355.556
6.400.000 - 7.199.999	217-240	20	320.000	360.000
7.200.000 - 7.999.999	241-264	22	327.273	363.636
8.000.000 - 8.799.999	265-288	24	333.333	366.667
8.800.000 - og hærra	289-300	25	352.000	og hærra

14.2.3 Tekjutengd endurgreiðsla námslána veitt á grundvelli laga nr. 60/2020 - H-lán.

Lánþegi getur valið að endurgreiða námslán með tekjutengingu séu námslok áður eða á því ári þegar 35 ára aldri er náð. Þó geta lánþegar sem hófu nám á tímabilinu 2020-2023 valið að endurgreiða námslán með tekjutengingu séu námslok áður eða á því ári þegar 40 ára aldri er náð.

Velji lánþagi tekjutengda endurgreiðslu þarf hann að skila inn tekjuupplýsingum sínum fyrir fyrstu afborgun. Ef lánþagi er að hefja endurgreiðslur á fyrstu átta mánuðum ársins þarf að skila inn tekjuupplýsingum þarsíðasta árs (2 árum fyrr) en ef endurgreiðslur hefjast á síðustu fjórum mánuðum ársins þarf að skila inn tekjuupplýsingum ársins á undan. Skili lánþagi ekki inn tekjuupplýsingum fyrir fyrrgreindan frest verður láni hans breytt þannig að endurgreiðslufyrirkomulag verður háð lánþöku-fjárhæð, sbr. gr. 14.2.2 og mun lánþagi þá greiða skuldabréf sitt skv. 20. gr. laga nr. 60/2020 um Menntasjóð námsmanna. Slík breyting skuldabréfs er óafturkræf.

Tekjutengd endurgreiðsla er innheimt mánaðarlega og hver afborgun byggð upp af tveimur þáttum. Annars vegar er föst afborgun, óháð tekjum og hins vegar er tekjutengd afborgun.

Fjárhæð fastrar afborgunar er bundin vísitölu neysluverðs og tekur breytingum í takt við mánaðarlegar breytingar á vísitölunni. Fjárhæð fastrar afborgunar er 10.000 kr. miðað við neysluverðsvísitöluna 470,5.

Mánaðarleg tekjutengd afborgun er 0,3125% af tekjustofni lánþega. Fyrstu átta mánuði endurgreiðsluársins er miðað við tekjustofn lánþega tveimur árum á undan endurgreiðsluári, en síðustu fjóra mánuði endurgreiðsluársins er miðað við tekjustofn lánþega ársins á undan endurgreiðsluári. Tekjutengd afborgun skal greidd mánaðarlega fyrsta dag hvers mánaðar. Frá fjárhæð tekjutengdrar afborgunar dregst fjárhæð fastrar afborgunar.

Með tekjustofni er átt við útsvarstofn lánþega að viðbættum fjármagnstekjum, sbr. c-lið 7. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003.

Sé lánþega áætlaður skattstofn á Íslandi skal miða við hann. Sé lánþegi á endurgreiðslutíma ekki skattskyldur á Íslandi af öllum tekjum sínum og eignum skal honum gefinn kostur á að senda sjóðnum staðfestar upplýsingar um tekjur sínar og skulu mánaðarlegar endurgreiðslur ákveðnar í samræmi við það. Lánþegi skal skila inn staðfestum upplýsingum um tekjur vegna síðasta tekjuárs eigi síðar en 1. júlí ár hvert. Við myndun gjalddaga eru erlendar tekjur umreiknaðar í íslenskar krónur fyrir viðkomandi mynt og er miðað við meðalgengi Seðlabanka Íslands þess tekjuárs sem afborgun er reiknuð út frá. Skili lánþegi ekki inn gögnum innan 60 daga frá skilafresti (1. júlí ár hvert) eða telja verður upplýsingar hans ósennilegar og ekki unnt að sannreyna tekjustofn samkvæmt þeim verður láni H-lánþega skuldbreytt þannig að endurgreiðslufyrirkomulag verður háð lánþöku-fjárhæð, sbr. gr. 14.2.2, að undangenginni viðvörðun um skuldbreytingu, sbr. 2. mgr. 22. gr. laga um Menntasjóð námsmanna. Slík skilmálabreyting skuldabréfs er óafturkræf og mun lánþegi framvegis greiða skuldabréf sitt skv. 20. gr. sömu laga.

Verði veruleg vanskil á endurgreiðslu námsláns eða hafi lánþegi vantalið tekjur sínar á framtali er heimilt að fella allt lánið í gjalddaga. Hækkun á viðbótargreiðslu vegna endurskattlagningar er gjaldkræf þegar í stað ásamt dráttarvöxtum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma frá gjalddaga greiðslunnar.

14.2.4 Greitt af tveimur eða fleirum H-lánum.

Lánþegi sem skuldar fleiri en eitt námslán skal greiða samhliða af öllum lánunum sínum.

Ef lánþegi skuldar fleiri en eitt jafngreiðslulán ákvarðast endurgreiðslutími og árleg afborgun miðað við heildarfjárhæð lánanna, sbr. töflu í gr. 14.2.2. Ef lánþegi skuldar fleiri en eitt H-lán með tekjutengdum afborgunum skal greiðslum ráðstafað hlutfallslega inn á hvert lán fyrir sig eftir stöðu þeirra þegar lán eru færð til innheimtu.

Lánþegi sem skuldar fleiri en eitt H-lán og eitt eða fleiri lánanna, en þó ekki öll, endurgreiðast með tekjutengdum afborgunum, sbr. grein 14.2.3 er lánþega heimilt að skuldbreyta lánunum sem greiðast með tekjutengdum afborgunum í jafngreiðslulán. Greiðir lánþegi þá af heildarlánsfjárhæðinni eftir fyrirmælum 1. og 2. mgr. ákvæðis þessa. Velji lánþegi að skuldbreyta ekki lánunum með tekjutengdum afborgunum ber lánþega að greiða á sama tíma afborgun af tekjutengda láninu annars vegar og jafngreiðsluláninu hins vegar. Fær lánþegi þá tvær greiðslukröfur á lögmæltum gjalddögum og greiðir á sama tíma eina afborgun sem er tekjutengd og aðra sem miðast við jafnar afborganir.

Ef lánþegi er úrskurðaður gjaldþrota falla allar kröfur á hendur honum í gjalddaga, í samræmi lög um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991.

14.2.5 Tekjutengd endurgreiðsla námslána veitt á grundvelli eldri laga (V-, S-, R- og G-lán).

Árleg endurgreiðsla er í tvennu lagi. Annars vegar er föst greiðsla sem innheimtist 1. mars, en þó getur fyrsti gjalddagi verið annar. Hins vegar viðbótargreiðsla sem innheimtist 1. september og er háð tekjum fyrra árs. Föst árgreiðsla uppreiknast miðað við vísitölu neysluverðs 1. janúar ár hvert. Viðbótargreiðslan miðast við 3,4% á G-lánnum; 4,4% á R-lánnum og 3,4% á S-lánnum, af tekjustofni ársins á undan endurgreiðsluári, en með tekjustofni er átt við útsvarsstofn lánþega ef um er að ræða S- eða R-lán og að viðbættum fjármagnstekjum ef um er að ræða G-lán. Ef lánþegi er í skráðri sambúð er miðað við 50% fjármagnstekna hans og sambúðaraðilans og skiptir ekki máli hvort tekjurnar eru af séreign samkvæmt kaupmála eða hjúskapareign. Sú fjárhæð sem þannig fæst skal margfölduð samkvæmt hlutfallslegri breytingu á vísitölu neysluverðs frá 1. júlí á tekjuöflunarári til 1. júlí á endurgreiðsluári. Samkvæmt framansögðu dregst áðurnefnd föst árgreiðsla frá viðbótargreiðslunni.

Sé lánþega áætlaður skattstofn á Íslandi skal miða við hann. Sé lánþegi á endurgreiðslutíma ekki skattskyldur á Íslandi af öllum tekjum sínum og eignum skal honum gefinn kostur á að senda sjóðnum staðfestar upplýsingar um tekjur sínar og skal árleg viðbótargreiðsla ákveðin í samræmi við það. Upplýsingar um tekjur erlendis skulu hafa borist sjóðnum fyrir 1. júlí ár hvert. Við myndun gjalddaga eru erlendar tekjur umreiknaðar í íslenskar krónur fyrir viðkomandi mynt og er miðað við meðalgengi Seðlabanka Íslands þess tekjuárs sem afborgun er reiknuð út frá. Geri lánþegi það ekki, tekjur berast eftir 1. júlí ár hvert eða telja verður upplýsingar hans ósennilegar og ekki unnt að sannreyna tekjustofn samkvæmt því skal stjórn sjóðsins áætla honum tekjustofn til útreiknings árlegrar viðbótargreiðslu.

Lánþegi á rétt á endurútreikningi árlegrar viðbótargreiðslu sé hún byggð á áætluðum tekjum. Hann skal þá sækja um endurútreikning eigi síðar en 60 dögum eftir gjalddaga afborgunar en umsókn frestar ekki innheimtu á gjalddaga. Greiðsludreifing á gjalddaga lengir ekki framangreindan umsóknarfrest. Endurútreikningur fer síðan fram þegar sjóðnum hafa borist bestu fánlegar upplýsingar um tekjur greiðanda. Þegar staðfestar upplýsingar um tekjurnar liggja fyrir skulu þær sendar sjóðnum og endurútreikningurinn endurskoðaður til samræmis. Hafi tekjustofn verið of hátt áætlaður skal lánþega endurgreidd ofgreidd fjárhæð.

Verði veruleg vanskil á endurgreiðslu námsláns eða hafi lánþegi vantalið tekjur sínar á framtali er heimilt að fella allt lánið í gjalddaga. Hækkun á viðbótargreiðslu vegna endurskattlagningar er gjaldkræf þegar í stað ásamt dráttarvöxtum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma frá gjalddaga greiðslunnar.

Ef lánþegi er úrskurðaður gjaldþrota falla allar kröfur á hendur honum í gjalddaga, sbr. lög um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991.

14.2.6 Greitt af fleiri en einum lánaflokki.

Lánþegi sem skuldar eldri námslán en H-lán (lánaflokkar V, S, R og G) skal greiða af H-láni samhliða öðrum eldri lánnum.

Lánþegi sem velur tekjutengdar endurgreiðslur námsláns, sbr. grein 14.2.3 og er jafnframt að endurgreiða námslán samkvæmt eldri lögum getur óskað eftir að endurgreiða fyrst H-lán.

Endurgreiðslur eldri lána eru í samræmi við þau lög sem um þau gilda. Lánþegi sem skuldar eldri námslán en G-lán (lánaflokkar V, S og R) skal fyrst endurgreiða eldri lánin. Ef lánþegi sem skuldar R-lán og jafnframt V- eða S-lán skal hann fyrst greiða R-lánið. Ef lánþegi greiðir bæði af V- og S-láni dragast afborganir V-láns frá afborgunum S-lánsins.

Lánþegi sem tekið hefur tvö eða fleiri R-lán skal greiða af elsta láni sínu fyrst. Það sama gildir um lánþega sem tekið hefur tvö eða fleiri G-lán. Innheimta telst hafin á öllum lánnum innan lánaflokksins þegar greiðslur hefjast á elsta láninu, en greiðslur af nýrri lánnum frestast þar til eldri lán eru að fullu greidd.

15. KAFLI Frestun endurgreiðslu.

15.1 Lán veitt á grundvelli laga nr. 60/2020 (H-lán).

15.1.1 Frestun endurgreiðslu vegna verulegra fjárhagsörðugleika.

Sjóðnum er heimilt að veita frestun á endurgreiðslum ef lánþegi veikist alvarlega eða verður fyrir slysi er skerðir til muna ráðstöfunarfé hans og möguleika til að afla tekna eða ef láns hæft nám, atvinnuleysi, óvinnufærni vegna veikinda og/eða örorku, þungunar eða umönnunar barna, umönnunar maka eða aðrar sambærilegar ástæður valda verulegum fjárhagsörðugleikum hjá lánþega. Einungis atvik sem eiga sér stað á endurgreiðslutíma námslána eða á meðan námstíma stendur sem geta verið grundvöllur frestunar á endurgreiðslum.

Með láns hæfu námi er átt við að nám umsækjanda uppfylli skilyrði 2. kafla úthlutunarreglna um láns hæfi náms og að námsmaður uppfylli skilyrði 3. kafla um námsframvindu.

Óvinnufær vegna örorku telst sá sem hefur rétt til örorkulífeyris samkvæmt skilgreiningu Tryggingastofnunar. Með umönnun barna og/eða maka er átt við að umönnunin hafi áhrif á möguleika umsækjanda til tekjuöflunar. Með atvinnuleysi er átt við að umsækjandi sé skráður á atvinnuleysissskrá og/eða í virkri atvinnuleit.

Að jafnaði er miðað við að ástæður þær sem valda örðugleikunum hafi varað í a.m.k. einn mánuð fyrir fyrsta gjalddaga sem sótt er um frestun á og séu óbreyttar þann dag sem sótt er um frestun á endurgreiðslu.

Sjóðurinn áskilur sér heimild til þess að óska eftir því að trúnaðarlæknir sjóðsins á hverjum tíma afli upplýsinga hjá viðkomandi lækni um innsent læknisvottorð og gefi umsögn um efni þess. Verði slíkar upplýsingar ekki veittar getur sjóðurinn litið svo á að fullnægjandi umsókn hafi ekki verið skilað.

15.1.2 Frestun tekjutengdrar afborgunar vegna skyndilegra og verulegra breytinga á högum lánþega.

Sjóðnum er heimilt að veita frestun á tekjutengdri afborgun ef skyndileg og veruleg breyting hefur orðið á högum lánþega þannig að tekjustofn vegna tekna á fyrri árum gefur ekki rétta mynd af fjárhag lánþega á endurgreiðsluárinu.

15.1.3 Sótt um frestun á afborgun - H-lán.

Uppfylli lánþegi skilyrði greinar 15.1.1 eða 15.1.2 getur hann óskað eftir því að fresta afborgunum í 1 til 12 mánuði. Lengd frestunartímabils fer eftir því hvað lánþegi getur sýnt fram á að ástand vari lengi með staðfestum gögnum. Sé ekki unnt að sýna fram á hve lengi er fyrirsjáanlegt að ástand vari með opinberum gögnum, t.a.m. þegar um er að ræða atvinnuleysi, takmarkast umsóknir þó við þrjá mánuði í senn.

Viðmið frestunartímabils eftir tegund umsóknar.

Atvinnuleysi	3 mánuðir
Aðrar sambærilegar ástæður	3 mánuðir
Fæðingarorlof/Umönnun barna/maka	3 til 12 mánuðir
Láns hæft nám	1 til 6 mánuðir
Veikindi	3 til 6 mánuðir
Örorka	3 til 12 mánuðir

Umsókn um frestun endurgreiðslu afborgunar frestar innheimtu á þeim gjalddögum sem um ræðir hverju sinni.

Lánþegi sem óskar eftir frestun á mánaðarlegum endurgreiðslum námsláns skal sækja um það í gegnum „Mitt lán“ og senda með þær upplýsingar sem óskað er eftir.

Umsókn um frestun endurgreiðslu skal berast sjóðnum eigi síðar en 30 dögum eftir gjalddaga afborgunarinnar. Hafi ósk um undanþágu ekki borist sjóðnum fyrir þessi tímamörk er óheimilt að veita undanþágu, sbr. 4. mgr. 23. gr. laga nr. 60/2020.

15.1.4 Áhrif frestunar á endurgreiðslur eftir lánategund.

15.1.4.1 Jafngreiðslulán.

Ef lántaki skuldar jafngreiðslulán og fær frestun á endurgreiðslu, bætast afborganir sem frestað var aftan við greiðsluáætlun og lengja þannig lánstíma. Sé ekki mögulegt að lengja lánstíma sökum aldurs lánþega skal hækka greiðslubyrði af námsláni sem nemur frestuninni.

15.1.4.2 Tekjutengd lán.

Ef lántaki skuldar lán með tekjutengdri endurgreiðslu er einungis hægt að sækja um frestun á tekjutengdum hluta afborgunar en ekki á föstum hluta hennar. Greiðandi greiðir því afborganir sem nema föstum hluta greiðslunnar þann tíma sem frestunin nær til. Fjárhæð tekjutengda hluta gjalddagans sem er frestað færast aftur á eftirstöðvar lánsins og lengir þar með endurgreiðslutíma lánsins.

15.2 Lán veitt á grundvelli eldri laga (V-, S-, R- og G-lán).

Ef lántaki skuldar lán sem tekið var fyrir gildistöku laga um Menntasjóð námsmanna nr. 60/2020 gilda ákvæði skuldabréfa þeirra og eftir atvikum þeirra laga sem giltu um viðkomandi lán.

Sjóðnum er heimilt að veita undanþágu frá árlegri endurgreiðslu V-, S-, R- og G-lána að hluta eða öllu leyti ef lánshæft nám, atvinnuleysi, óvinnufærni vegna veikinda og/eða örorku, þungunar eða umönnunar barna, umönnunar maka eða aðrar sambærilegar ástæður valda verulegum fjárhagsörðugleikum hjá lánþega. Almenn er miðað við að ekki séu veittar undanþágur ef árstekjur lánþega eru yfir kr. 6.760.000 og árstekjur hjóna/sambúðarfólks eru yfir kr. 13.520.000 vegna tekna ársins á undan.

Einnig er sjóðnum heimilt að veita undanþágu frá árlegri endurgreiðslu að hluta eða öllu leyti, ef skyndileg og veruleg breyting hefur orðið á högum lánþega þannig að útsvarsstofn vegna tekna á fyrri ári gefur ekki rétta mynd af fjárhag lánþega á endurgreiðsluárinu. Heimildin miðast við að skyndileg og alvarleg veikindi, slys eða aðrar sambærilegar ástæður valdi verulegri skerðingu á ráðstöfunarfé og á möguleika til að afla tekna.

Lánþegi getur óskað eftir frestun á afborgun föstu eða tekjutengdu afborgun lánsins. Sækja þarf um frestun á hverri afborgun fyrir sig. Sé frestun veitt færast fjárhæð gjalddagans aftur á eftirstöðvar lánsins og lengir þar með endurgreiðslutíma lánsins. Umsókn um frestun endurgreiðslu frestar ekki innheimtu á þeim gjalddögum sem um ræðir hverju sinni.

Með lánshæfu námi er átt við að nám umsækjanda uppfylli skilyrði 2. kafla úthlutunarreglna um lánshæfi náms og að námsmaður uppfylli skilyrði 3. kafla um námsframvindu.

Óvinnufær vegna örorku telst sá sem hefur rétt til örorkulífeyris samkvæmt skilgreiningu Tryggingastofnunar. Með umönnun barna og/eða maka er átt við að umönnunin hafi áhrif á möguleika umsækjanda til tekjuöflunar. Með atvinnuleysi er átt við að umsækjandi sé skráður á atvinnuleysisskrá og/eða í virkri atvinnuleit.

Að jafnaði er miðað við að ástæður þær sem valda örðugleikunum hafi varað í a.m.k. fjóra mánuði fyrir fyrsta gjalddaga sem sótt er um frestun á og séu óbreyttar þann dag sem sótt er um frestun á endurgreiðslu.

Sjóðurinn áskilur sér heimild til þess að óska eftir því að trúnaðarlæknir sjóðsins á hverjum tíma afli upplýsinga hjá viðkomandi lækni um innsent læknisvottorð og gefi umsögn um efni þess. Verði slíkar upplýsingar ekki veittar getur sjóðurinn litið svo á að fullnægjandi umsókn hafi ekki verið skilað.

Lánþegi sem óskar eftir frestun á afborgun námsláns skal sækja um það í gegnum „Mitt lán“ og senda með þær upplýsingar sem óskað er eftir. Umsókn um frestun endurgreiðslna skal berast sjóðnum eigi síðar en 60 dögum eftir gjalddaga afborgunar sem óskað er eftir fresti á. Hafi ósk um undanþágu ekki borist sjóðnum fyrir þessi tímamörk er óheimilt að veita undanþágu, sbr. 7. mgr. 8. gr. laga nr. 21/1992. Greiðsludreifing á gjalddaga lengir ekki framangreindan umsóknarfrest.

Umsókn um undanþágu frestar ekki innheimtu gjalddagans. Ef veitt er undanþága, þá á hún einungis við þann gjalddaga sem umsóknin miðaðist við. Veitt undanþága frá endurgreiðslu S- og/eða V-láns hefur ekki áhrif á fjölda endurgreiðsluára, þ.e. endurgreiðslutíminn lengist sem nemur undanþágutím-anum. Sjóðurinn áskilur sér heimild til þess að óska eftir því að trúnaðarlæknir sjóðsins á hverjum tíma afli upplýsinga hjá viðkomandi lækni um innsent læknisvottorð og gefi umsögn um efni þess. Verði slíkar upplýsingar ekki veittar getur sjóðurinn litið svo á að fullnægjandi umsókn hafi ekki verið skilað.

16. KAFLI

Innheimta lána og vanskil.

Ef lánþegi greiðir ekki afborgun á réttum tíma og hefur ekki samið við sjóðinn um greiðslu, er krafan eftir atvikum send í milliinnheimtu eða löginnheimtu. Ef krafa á hendur lánþega er þegar í innheimtu hjá lögmönnum fara nýjar kröfur beint í innheimtu hjá lögmönnum. Þegar afborgun er í milliinnheimtu eða löginnheimtu ber lánþega að semja um skuld sína beint við innheimtuaðila án milligöngu Menntasjóðs námsmanna. Standi lánþegi ekki í skilum, er sjóðnum heimilt að gjaldfella höfuðstól lánsins og innheimta með hæstu leyfilegu dráttarvöxtum.

Þegar höfuðstóll láns sem veitt er samkvæmt lögum um Menntasjóð námsmanna nr. 60/2020 er gjaldfelldur hefur sjóðurinn jafnframt heimild til að gjaldfella önnur lán í sama lánaflokki.

17. KAFLI

Vafamál.**17.1 Hlutverk stjórnar.**

Það er eitt af hlutverkum stjórnar að skera úr vafamálum er varða einstaka lánþega og öðrum málum. Ákvörðun stjórnar má vísa til málskotsnefndar, sbr. grein 17.5.

Ákvarðanir stjórnar varðandi erindi sem berast sjóðnum skulu rökstuddar og tilkynntar skriflega, nema það sé augljóslega óþarft. Ákvörðun er bindandi eftir að hún er komin til aðila. Námsmanni eða öðrum þeim sem í hlut á er heimilt að fá mál endurupptekið, sbr. grein 17.4, eða getur óskað eftir úrskurði málskotsnefndar, sbr. grein 17.5. Um málsmeðferð að öðru leyti fer eftir stjórnarsýslulögum nr. 37/1993.

17.2 Málsmeðferð.

Áður en stjórn sker úr vafamáli skulu sérstakar undirnefndir skipaðar úr hópi stjórnarmanna, endurgreiðslunefnd eða vafamálanefnd eftir atvikum, sem undirbúa og gera tillögur til stjórnar sjóðsins. Nefndin skal yfirfara afgreiðslu hliðstæðra mála og þau mál sem talin eru koma næst því máli sem er til ákvörðunar.

17.3 Rökstuðningur.

Í rökstuðningi skal vísa til þeirra réttarreglna sem ákvörðun sjóðsins er byggð á, lögum, reglugerðum, úthlutunarreglum eða bókun stjórnar eftir því sem við á. Að því marki, sem ákvörðunin byggir á mati, skal í rökstuðningnum greina frá þeim megin sjónarmiðum sem ráðandi voru við matið.

17.4 Endurupptaka.

Eftir að stjórn sjóðsins hefur tekið ákvörðun og tilkynnt til aðila máls, á málsaðili rétt á því að mál hans sé tekið til meðferðar á ný ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik.

Beiðni um endurupptöku skal að jafnaði bera fram innan 3 mánaða frá tilkynningu til aðila máls um niðurstöðu stjórnar.

17.5 Málskotsnefnd.

Ráðherra skipar málskotsnefnd þriggja manna. Nefndin sker úr um hvort ákvarðanir stjórnar séu í samræmi við ákvæði laga og reglugerða. Nefndin getur staðfest, breytt eða fellt úr gildi ákvarðanir stjórnar sjóðsins.

Kæra til málskotsnefndar skal berast innan 3 mánaða frá tilkynningu til aðila máls um niðurstöðu stjórnar.

18. KAFLI

Gildistaka.

Tillögur að reglum þessum voru samþykktar af stjórn Menntasjóðs námsmanna þann 28. febrúar 2024. Ráðherra setur reglurnar og öðlast þær gildi þegar þær hafa verið birtar með auglýsingu í Stjórnartíðindum í samræmi við 36. gr. laga um Menntasjóð námsmanna nr. 60/2020.

Reglurnar gilda fyrir námsárið 2024-2025.

Fylgiskjal I.**Framfærslugrunnur og greinargerð með grunnframfærslu fyrir skólaárið.****Framfærslugrunnur Menntasjóðs námsmanna.**

Við útreikning framfærslugrunns er byggt á grunnviðmiði neysluviðmiða félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins. Húsnæðiskostnaður tekur mið af leigu á stúdentagörðum háskólanna fyrir einstaklings-, par- og fjölskylduhúsnæði.

Húsnæðiskostnaður tekur mið af fjölskylduhögum og þannig er viðbótarkostnaði vegna búsetu námsmanna sem eru í eigin húsnæði/ leiguhúsnæði skipt í sex flokka:

1. Námsmaður (einhleypur).
2. Námsmaður í hjúskap/skráðri sambúð, ekki barn á heimili.
3. Námsmaður í hjúskap/skráðri sambúð, með eitt barn.
4. Námsmaður í hjúskap/skráðri sambúð, með tvö börn.
5. Námsmaður í hjúskap/skráðri sambúð, með þrjú börn.
6. Námsmaður í hjúskap/skráðri sambúð, með fjögur börn.
7. Einstæður, eitt barn.
8. Einstæður, tvö börn.
9. Einstæður, þrjú börn.
10. Einstæður, fjögur börn.

Í þeim tilvikum þar sem um sambúð eða hjúskap er að ræða er gert ráð fyrir að báðir sambúðaraðilar standi jafnt að húsnæðiskostnaði. Þannig tekur framfærslan mið af raunverulegri framfærsluþörf mismunandi hópa námsmanna, þ.e. miðað við búsetuform og fjölskyldustærð.

	Framfærsla á skólaári (kr.)	Framfærsla á mánuði (kr.)				Framfærsla á ECTS (kr.)			
		Grunnur	Húsn.	Börn	Alls	Grunnur	Húsn.	Börn	Alls
0. Í foreldrahúsum	1.137.276	126.364			126.364	18.955	0	0	18.955
1. Einhleypur	2.320.668	162.947	94.905		257.852	24.442	14.236	0	38.678
2. Sambúð, barnlaus	2.070.135	162.947	67.068		230.015	24.442	10.060	0	34.502
3. Sambúð, 1 barn	2.631.591	162.947	78.452	51.000	292.399	24.442	11.768	7.650	43.860
4. Sambúð, 2 börn	3.147.597	162.947	84.786	102.000	349.733	24.442	12.718	15.300	52.460
5. Sambúð, 3 börn	3.606.597	162.947	84.786	153.000	400.733	24.442	12.718	22.950	60.110
6. Sambúð, 4 börn	4.065.597	162.947	84.786	204.000	451.733	24.442	12.718	30.600	67.760
7. Einstæður, 1 barn	3.337.659	162.947	156.904	51.000	370.851	24.442	23.536	7.650	55.628
8. Einstæður, 2 börn	3.910.671	162.947	169.572	102.000	434.519	24.442	25.436	15.300	65.178
9. Einstæður, 3 börn	4.369.671	162.947	169.572	153.000	485.519	24.442	25.436	22.950	72.828
10. Einstæður, 4 börn	4.828.671	162.947	169.572	204.000	536.519	24.442	25.436	30.600	80.478

Framangreindar tölur miðast við einstakling með framfærslu barna þar sem það á við. Gert er ráð fyrir 9 mánaða skólaári.

Ráðstöfunartekjur.

Námsmenn geta haft kr. 2.200.000 í árstekjur (frítekjumark) án þess að til tekjuskerðingar komi.

Eftirfarandi tafla sýnir framfærslulán á skólaári (9 mánuðir) eftir fjölskylduhögum að meðtöldu láni vegna barna þar sem við á. Framfærsla vegna barns er kr. 51.000 á mánuði. Einnig eru sýndar ráðstöfunartekjur sömu námsmannahópa miðað við þær forsendur að námsmaður afli sér kr. 2.200.000 tekna á árinu til viðbótar námsláni.

	<i>Framfærsla (kr.)</i>	<i>Ráðstöfunartekjur (kr.): **</i>	
	<i>MSNM á skólaári *</i>	<i>á ári (12 mán.)</i>	<i>á mánuði</i>
<i>Í foreldrahúsum</i>	1.137.276	3.337.276	278.106
<i>Einhleypur</i>	2.320.668	4.520.668	376.722
<i>Sambúð, barnlaus</i>	2.070.135	4.270.135	355.845
<i>Sambúð, 1 barn</i>	2.631.591	4.831.591	402.633
<i>Sambúð, 2 börn</i>	3.147.597	5.347.597	445.633
<i>Sambúð, 3 börn</i>	3.606.597	5.806.597	483.883
<i>Sambúð, 4 börn</i>	4.065.597	6.265.597	522.133
<i>Einstæður, 1 barn</i>	3.337.659	5.537.659	461.472
<i>Einstæður, 2 börn</i>	3.910.671	6.110.671	509.223
<i>Einstæður, 3 börn</i>	4.369.671	6.569.671	547.473
<i>Einstæður, 4 börn</i>	4.828.671	7.028.671	585.723

* Gert er ráð fyrir 9 mánaða skólaári.

** Útreikningur á ráðstöfunartekjum námsmanns eftir fjölskyldustöðu miðast við fulla framfærslu á skólaári og kr. 2.200.000 í tekjur.

Fylgiskjal II.**Hámarkstími fyrir undirbúningsnám í tungumálum.**

Land	Hámarkstími tungumálanáms	Land	Hámarkstími tungumálanáms
Austurríki	0,5 námsár	Malasía	1,5 námsár
Belgía	0,5 námsár	Mexíkó	0,5 námsár
Bosnía	1 námsár	Mónakó	0,5 námsár
Brasilía	0,5 námsár	Perú	0,5 námsár
Búlgaríá	1 námsár	Portúgal	0,5 námsár
Eistland	1 námsár	Pólland	1 námsár
Ekvador	0,5 námsár	Rúmenía	1 námsár
Filippseyjar	0,5 námsár	Rússland	1 námsár
Finnland	1 námsár	Sam. arabísku furstadæmin	1,5 námsár
Frakkland	0,5 námsár	Serbía	1 námsár
Grikkland	1 námsár	Singapúr	1,5 námsár
Holland	1 námsár	Síle	0,5 námsár
Íran	1,5 námsár	Slóvakía	1 námsár
Ísrael	1,5 námsár	Slóvenía	1 námsár
Ítalía	0,5 námsár	Spánn	0,5 námsár
Japan	1,5 námsár	Suður-Kórea	1,5 námsár
Kína	1,5 námsár	Sviss	0,5 námsár
Kósóvó	1 námsár	Taíwan	1,5 námsár
Króatía	1 námsár	Tékkland	1 námsár
Kýpur	1 námsár	Tyrkland	1 námsár
Lettland	1 námsár	Tæland	1,5 námsár
Litháen	0,5 námsár	Ungverjaland	1 námsár
Lúxemborg	0,5 námsár	Þýskaland	0,5 námsár

Fylgiskjal III.**Lán sem sjóðurinn hefur veitt.**

Heiti	Veitt	Vextir	Endurgreiðsla hefst m.v. námslok	Endurgreiðslutími	Gjalddagar
M	1952-1961	3,50%	3 ár	10 ár	1. maí og 1. nóvember
N	1952-1961	3,50%	3 ár	10 ár	1. febrúar og 1. nóvember
M	1961-1967	3,50%	3 ár	15 ár	1. maí og 1. nóvember
N	1961-1967	3,50%	3 ár	15 ár	1. febrúar og 1. nóvember
L	1967-1975	5%	5 ár	15 ár	1. júní
K	1975	13%	1 ár	4 ár	1. apríl og 1. nóvember
X*	1976-1982	Verðtryggt	3 ár	20 ár	1. júlí og 1. nóvember
T**	1982-1992	Verðtryggt	3 ár	40 ár	1. mars og 1. september
R	1992-2005	Allt að 3% + verðtryggt	2 ár	Óákveðið	1. mars og 1. september
G	2005-	Allt að 3% + verðtryggt	2 ár	Óákveðið	1. mars og 1. september
H	2020	Allt að 4% + verðtryggt eða 9% óverðtryggt	1 ár	Breytilegt	Gjalddagi 1. hvers mánaðar

* Nefnast V-lán eftir sameiningu.

** Nefnast S-lán þegar endurgreiðsla hefst.

Skilgreiningar á helstu hugtökum.

Ástundunartvörf: Námsmenn í heilsársnámskeiðum geta sent ástundunartvörf frá skóla eftir haustönn. Í tvörðinu þarf að koma fram mat skóla á námsframvindu í heilsársnámskeiðum. Að námskeiðinu loknu þarf síðan að koma tvörf um að námskeiðinu hafi verið náð ásamt heildarfjölda eininga.

Barnastyrkur (styrkur vegna barns): Námsmaður á rétt á styrk til framfærslu barns undir 18 ára aldri sem nemur einföldum barnalífeyri á mánuði að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

ECTS-eining: ECTS (European Credit Transfer and Accumulation System) er samræmdur mælikvarði á nám í aðildarríkjum Evrópusambandsins og annarra þátttakenda í Bolognaferlinu. 60 ECTS-einingar jafngilda fullu námsári.

Fein-eining: Fein-eining er eining sem veitt er í framhaldsskólum. 26-40 Fein-einingar samsvara 30 ECTS-einingum (0,75-1,15 Fein = 1 ECTS). Misjafnt er eftir námsbrautum hversu margar Fein-einingar teljast vera fullt nám.

Fjórðungur/önn: Ef skólaári er skipt í þrjú tímabil, þ.e. haust-, vetrar- og vorönn er miðað við að námsmaður í fullu námi hafi stundað nám í þrjá fjórðunga (annir) á námsárinu. Sumarönn telst vera fjórði fjórðungurinn.

Fullt nám: Námsmaður telst ljúka fullu námi ljúki hann 60 ECTS-einingum á skólaárinu eða 30 ECTS-einingum á misseri.

Fyrsta afborgun: Fyrsti gjalddagi H-lána skuldabréfs er ári eftir námslok en G-lána tveimur árum eftir námslok.

Grunnframfærsla: Sú fjárhæð sem sýnir lánsþörf námsmanns í leiguhúsnaði á námstíma eins og hún er skilgreind af stjórn sjóðsins.

Höfuðstóll námsláns: Sú upphæð sem skráð er á skuldabréf þegar það er fært til innheimtu. Ef um verðtryggt lán er að ræða leggjast verðbætur við höfuðstól mánaðarlega í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs.

Lánsáætlun: Eftir að námsmaður hefur sótt um námslán og skilað þeim gögnum sem sjóðurinn hefur óskað eftir, er reiknað út hversu hátt lán viðkomandi á rétt á miðað við tekjur og fjölskylduhagi. Lánsáætlun er birt rafrænt á „Mitt lán“ námsmanns og gefur hún kost á tímabundinni fyrirgreiðslu hjá viðskiptabanka námsmanns. Komi í ljós að lánsáætlun byggir á mistökum eða á röngum forsendum miðað við gildandi úthlutunarreglur þess námsárs sem sótt er um lán fyrir áskilur Menntasjóðurinn sér rétt til þess að breyta lánsáætlun til samræmis við þær reglur.

Maki: Átt er við aðila sem er í hjúskap eða skráðri sambúð með lántaka.

Misseri: Ef skólaári er skipt upp í tvö jafnlöng tímabil að jafnaði, haust- og vormisseri er miðað við að námsmaður í fullu námi hafi stundað nám í tvö misseri. Sumarmisseri telst vera þriðja misserið/önnin.

Námsár: Er almennt 12 mánuðir og hefst að hausti og lýkur að sumri. Ef námsmaður stundar nám á sumarmisseri tilheyrir það misseri undangengnu námsári. Með námsári er í reglum þessum átt við námsárið 2023-2024.

Námsferill: Námsbraut sem lýkur með tiltekinni prófgráðu. Nýr námsferill hefst skipti námsmaður um skóla, námsgrein eða prófgráðu.

Námslán: Lán vegna framfærslu og skólagjalda. Framfærsla námsmanns skiptist í grunnframfærslu, lán með tilliti til húsnæðis og lán vegna ferðakostnaðar. Við framangreint bætist svo barnastyrkurur í þeim tilvikum sem það á við.

Námslengd: Réttur námsmanna til námslána er tiltekinn í ECTS-einingum. Hafi námsmaður t.d. lokið 60 ECTS-einingum á skólaárinu og fengið lán fyrir þeim einingum, dragast þær frá þeim einingafjölda sem hann á rétt á lánum til.

Námslok: Lok síðasta aðstoðartímabils námsmanns. Á það jafnt við um námsmenn sem ljúka námi, námsmenn sem hverfa frá námi án þess að ljúka því og námsmenn sem halda áfram námi án þess að taka námslán.

Námslok í tengslum við rétt til tekjutengingar endurgreiðslna teljast þó eingöngu hafa átt sér stað ef námsmaður lýkur háskólanámi, iðnnámi, starfsnámi eða viðbótarnámi við framhaldsskóla með prófgráðu.

Námsstyrkur: Lánþegar sem skráðir eru í nám sem er skipulagt sem í a.m.k. tvær annir og sem nemur að lágmarki 60 ECTS-einingum eða ígildi þeirra og ljúka námi á þeim tíma sem skipulag námsins gerir ráð fyrir eiga rétt á 30% niðurfærslu af höfuðstól námslánsins ásamt verðbótum að námi loknu.

Ofgreidd lán: Ef námsmaður fær afgreitt herra lán en hann á rétt á, t.d. vegna vanáætlaðra tekna, fyrirframgreiddra skólagjaldalána, eða ef hann lýkur ekki lánshæfum námsárangri á önninni, ber honum að endurgreiða lánið sérstaklega.

Sambúð: Sambúð tveggja einstaklinga sem skráðir eru í sambúð samkvæmt þjóðskrá.

Samtímagreiðslur: Greiðslur sem greiddar eru út mánaðarlega. Fyrsta greiðsla vegna haustannar er 1. október í misseraskólum og 1. nóvember í fjórðungaskólum. Vegna vorannar 1. febrúar í misseraskólum og 1. maí í fjórðungaskólum. Og vegna sumarannar er fyrsta greiðsla 1. júní í misseraskólum og 1. ágúst í fjórðungaskólum.

Sérnám: Starfstengt nám sem ekki er kennt á háskólastigi. Nám á framhaldsskólastigi til stúdentsprófs telst ekki til sérnáms.

Sjálfskuldarábyrgð: Skuldarábyrgð sem er þannig háttáð að ábyrgðarmanni er skylt að greiða skuldina á gjalddaga þótt kröfuhafi hafi engar tilraunir gert til að fá hana greidda hjá aðalskuldara.

Skólaár: Er almennt 9 mánuðir, hefst að hausti og lýkur að vori. Með skólaári er í reglum þessum átt við skólaárið 2023-2024.

Svigrúm: Möguleg lágmarksnámsframvinda og heildarlánstími í tilteknu námi. Er meðal annars átt við fjölda eininga sem heimilt er að lána fyrir.

Umframeiningar: Ef námsrángur námsmanns er umfram 30 ECTS-einingar á einhverju misseri skólaársins, þá á viðkomandi rétt á að nýta umframeiningarnar á öðru misseri sama skólaárs eða síðar í sama námsferli svo framarlega sem lágmarksrángri námsárs (22 ECTS) sé náð á misserinu.

Undirbúningsnám: Nám til undirbúnings náms á háskólastigi.